

SHAUÐÖR
skoðun 12



Fínir dómar í Ameríku
Los Angeles Times er hrifð
af The Good Heart eftir Dag
Kára.
fólk 26



SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Fasteignir.is
Allt
Híbýli og viðhald



FRÉTTABLAÐIÐ


MÁNUDAGUR

PITT

3. maí 2010 – 102. tölublað – 10. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000



Klippir í
Danaveldi

Kristinn Óli Hrólfsson opnar hárgreiðslustofu í Kaupmannahöfn.

fólk 18

Stúlkurnar skínu skært

Lið Hagaskóla sigraði í Mælsku- og rökræðukeppni grunnskóla.

tímamót 14




Valsmenn jöfnuðu

Valsmenn létu Hauka ekki stela öðrum sigri í úrslita-einvígi N1 deildar karla í handbolta.

sport 22

veðrið í dag



VÍÐA DÁLÍTL VÆTA Í dag verða sunnan eða suðvestan 5-10 m/s V-til, annars hægar. Víða væta en úrkomulítið SA-til framan af degi. Hiti víðast 5-13 stig.

veður 4

Tryggingasvikum hefur fjölgað eftir bankahrun

Hluta tilkynninga um innbrot má skrifa á tilraun til bótasvika. Ungt fólk virðist bíræfnara en áður og þekkir helmingur aldurshópsins 16-24 ára til tryggingasvika. Svik kosta tryggingafélög fjóra milljarða á ári.

NEYTENDUR Tryggingasvikum og tilraunum til svika hefur fjölgað eftir bankahrunið, að mati Guðmundar Arnar Gunnarssonar, forstjóra váttryggingafélagsins VÍS. Niðurstöður könnunar, sem Capacent Gallup gerði fyrir Samtök fjármálafyrirtækja, sýna að fólk telur tryggingasvik léttvægari en fjádrátt og önnur fjármálabrot. Athygli vekur að nærri helmingur þátttakenda á aldrinum 16 til 24 ára þekkir til tryggingasvika.

Guðmundur bendir á að í gegnum tíðina hafi verið upplýst um tryggingasvik, svo sem

sviðsetta árekstra, til að fá bætur greiddar frá tryggingafélögum. Á meðal annarra brota sem algengari séu nú en fyrir hrun séu tilkynningar um innbrot í heimahús og bíla og íkveikjur. Guðmundur segir að þótt innbrotafaraldur hafi gengið yfir á síðasta ári útlöki hann ekki að einhverjar tilkynningar um innbrot séu ekki sannleikanum samkvæmar. Það geti skekkt upplýsingar um tíðni þeirra.

Páll Sigurðsson, sérfræðingur hjá Sjónvá, segir sviðsetta árekstra og þjófnaði raunverulegt vandamál

hér á landi. Páll, sem vinnur við rannsóknir á bótasvikum, rifjar upp að í fyrra hafi maður tilkynnt um þjófnað á tveimur motocross-hjólum og fengið tvær milljónir í bætur. Síðar kom í ljós, í kjölfar ábendingar, að hjólin voru enn í vörslu mannsins. Hann hlaut dóm fyrir svikin og endurgreiddi bæturnar. Páll tekur fram að svona tilfelli séu undantekningar, langflestir séu strangheitarlegir en greiði fyrir háttsemi hinna óheitarlegu með iðgjöldum sínum.

Guðmundur Örn telur skýringuna á því hversu margt ungt fólk

viti af tryggingasvikum liggja í því að ungt fólk líti tryggingafélag öðrum augum en þeir eldri. „Sumum finnst einfaldlega sem þeir eigi rétt á að fá greitt til baka frá tryggingafélögum. Það er hugarfar sem við finnum fyrir í dag,“ segir hann. Undir þetta tekur Páll. Hann segir ungt fólk frekar þann hóp sem líti á tryggingasvik sem minni háttar brot.

Bótageiðslur váttryggingafélaga námu þrjátíu milljörðum króna árið 2008. Talið er að þar af nemi bótasvik allt að 4,5 milljörðum króna.

- jab / sjá síðu 12



STUTT HEIMSÓKN Flutningaskipið Green Ice, sem skrásett er á Bahama-eyjum, hélt úr Reykjavíkurbíðni í gærkvöldi eftir stutta viðkomu. Norskt skipafélag, Green Reefers, á skipið sem er sérútbúið til að flytja frystar afurðir. Alls á félagið 45 skip sem starfa um allt Norður-Atlantshaf og eiga starfsstöðvar víða um heim.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Guðlaugur Þór Þórðarson segir ekki víst að hann sé styrkjakóngur stjórnmálanna:

Hefur ekki hugleitt afsögn

STJÓRNMÁL Guðlaugur Þór Þórðarson hefur ekki hugleitt að segja af sér þingmennsku þrátt fyrir háværa kröfu um að þeir sem þáðu hæstu prófkjörstyrkina víki af Alþingi. Þetta segir hann í viðtali við Fréttablaðið í dag.

„Nei, ég hef ekki gert það. Enda held ég að þegar menn skoða mín verk af einhverri sanngírni þá geti þeir ekki komist að neinni annarri niðurstöðu en að ég hafi verið að vinna með hag almennings að leiðarljósi og svo sannarlega ekki látið neina aðra hagsmuni þvælast fyrir því,“ segir hann.

Guðlaugur þáði 24,8 milljónir króna í styrki fyrir kosningarnar 2007. Enginn þáði hærri styrki samkvæmt upplýsingum Ríkisendurskoðunar. Guðlaugur segir að þetta segi þó ekki alla söguna.

„Ríkisendurskoðun skoðaði ekkert þessa styrki.

Það er ekki hennar hlutverk að sannreyna eða fara ofan í þær upplýsingar sem henni eru sendar,“ segir Guðlaugur. Hægt sé að skoða málin og síðan draga þá ályktun að aðrir hafi farið svipaða leið og hann, í það minnsta.

Guðlaugur hvetur til þess að menn fari fljótlega að ljúka uppgjörinu og horfa til framtíðar. Mikilvægt sé þó að farið verði í tvær umfangsmiklar rannsóknir í anda rannsóknarinnar á bankahruninu; annars vegar rannsókn á því hvernig tekið hefur verið á skuldurum og skuldugum fyrirtækjum og hins vegar rannsókn á Icesave-málinu.

Guðlaugur segir mótmælin sem verið hafa við heimili hans helst beinast gegn börnum hans og vonar að hann verði sá síðasti sem verður fyrir barðinu á slíkum aðgerðum.

- sh / sjá síðu 8

Ungir drengir í Úkraínu:
Flytja lög Diktu
og Sigur Rósar


FÓLK „Sigur Rós hafði gríðarleg áhrif á mig – ég hafði aldrei upplifað svona sterkar tilfinningar gagnvart tónlist,“ segir Maksym Dzit-siuk.

Maksym og félagi hans í hljómsveitinni The Awe of the Landscape from the Foot-hills of Mars, Where Har-vesters Eat Open-Face Sand-wiches frá Úkraínu hafa undanfarið tekið upp lög með íslenskum hljómsveitum og birt á vefsíðunni Youtube.

„Sigur Rós er uppáhalds-hljómsveitin okkar. Hún er samt meira en hljómsveit eða góð tónlist. Hún er eitthvað meira – eitthvað sem breytti lífi okkar,“ segir Maksym.

- afb / sjá síðu 26

73,8%



23,7%



MORGUNBLAÐIÐ FRÉTTABLAÐIÐ

Fréttablaðið er með 212% meiri lestur en Morgunblaðið.

Allt sem þú þarft...



Meðallestur á tölublað, hófuðborgarsvæðið, 18 – 49 ára. Könnun Capacent í nóvember 2009 – janúar 2010.

muundu
eftir
mjólkinni!

muu



Jón, eruð þið ekki bara næst-bestir?

„Nei, við erum langbestir.“

Jón Gnarr er formaður Besta flokksins. Besti flokkurinn mælist næststærsti flokkurinn í Reykjavík samkvæmt könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2.

Eldur í húsi á Hellissandi: Reykskynjari bjargaði lífi þriggja systkina

BRUNI Þrjú íbúar komust með naumindum út úr brennandi húsi á Hellissandi um þrjú-leytið í fyrrinótt en reykskynjari vakti þá í tæka tíð. Eftir að íbúar hússins komust út var kallað eftir slökkviliðinu sem náði fljótlega tökum á eldinum og slökkti hann nokkru síðar.

Að sögn Svans Tómassonar, slökkviliðsstjóra Snæfellsbæjar, sluppu íbúarnir við reykeitrin. Eignatjón var hins vegar talsvert. Talið er að kviknað hafi í út frá helluborði.

Samkvæmt upplýsingum frá varðstjóra í Snæfellsbæ bjó fólkíð í einbýlishúsi og er stór hluti þess ónýtur. Enginn vafi leikur á því að reykskynjarinn bjargaði lífi systkinanna sem öll voru sofandi þegar eldurinn kviknaði í húsinu.

Strandveiðilög samþykkt: Vonbrigði með höfnun tillögu

SIÁVARÚTVEGUR Landssamband smábátáeigenda lýsir yfir vonbrigðum með að tillaga Einaris K. Guðfinnssonar, þingmanns Sjálfstæðisflokks, um að 6.000 tonna strandveiðikvóti komi til viðbótar við útgefnin heildarafla hafi verið felld á Alþingi.

Frumvarp sjávarútvegsráðherra um strandveiðar hefur verið samþykkt. Reglugerð verður gefin út fljótlega og umsóknir um leyfi afgreiddar frá Fiskistofu. Gera má ráð fyrir að fyrsti dagur strandveiða verði 10. maí.

Mikill áhugi er fyrir veiðunum eins og í fyrrasumar og talið að bátar á sjó muni losa sjöunda hundraðið. - shá

Eldgosið í Eyjafjallajökli er stöðugt og ekkert bendir til gosloka:

Sjóðandi vatn berst í Markarfljótið

ELDGOS Hraunið sem rennur úr eldstöðinni í Eyjafjallajökli er talið vera komið að brúninni við Gígjökul. Sjóðandi bræðsluvatnið rennur niður brattann og ofan í Markarfljót og leggur gufumökkinn af jöklinum og fljótinu. Hraunrennslið er talið vera komið um þrjú kílómetra frá upp-tökum.

Ekkert bendir til gosloka og í skýrslu jarðvísindamanna frá því á laugardag segir að virkni gossins sé svipuð og síðustu átta daga og gígur hlaðist upp í nyrsta gígnum.

Hraunið rennur hægt frá gígnum og fer mest orka þess í að bræða ís. Þrátt fyrir gjóskufall í nærsveitum, þá er kraftur gossins og gjóskuframleiðsla aðeins brot af því sem átti sér stað fyrstu daga gossins.

Í flugi TF SIF í gær sást gosmökkur í fjóra til rúmlega fimm kílómetra hæð við Eyjafjallajökul.

Fréttir frá því í gærmorgun sögðu frá því að gosmökkurinn væri dekkri en áður sem bendir til að meiri gjóska hafi þá komið úr eldstöðinni. - shá



GÍGJÖKULL Flóðið kom niður jökulinn á fyrsta degi en ef heldur áfram sem horfir mun hraunelfurinn úr gígnum koma hér niður. Ekki er vitað hvenær.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Engar íbúðir verið byggðar á þessu ári

Á árunum 2004 til 2007 voru byggðar um 12.000 íbúðir. Áratugina á undan voru þær um 16.000. Ekkert hefur verið byggt í ár. Undirliggjandi þörf er fyrir lítið og ódýrt húsnæði fyrir kynslóðirnar sem eru að koma inn á markaðinn.


ÍÐNÁÐUR „Það má bæta við þessa tölfræði að þær eru teljandi á fingrum annarrar handar íbúðirnar sem hafin hefur verið bygging á frá áramótum, ef það eru þá nokkrar,“ segir Jón Steindór Valdimarsson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins.

Nýjar tölur sem Samtök iðnaðarins hafa tekið saman yfir þróun íbúðabygginga 1995-2009 undirstrika að birtingarmynd hrunsins er hvergi skýrari en á fasteignamarkaði. Árið 2009 var aðeins hafin bygging á 208 íbúðum hér á landi. Árin 2005 til 2007 voru þær hins vegar 3.700 til 4.500 á ári. Meðaltal síðustu tuttugu ára sýnir að hafin var bygging á tæplega 2.000 íbúðum ár hvert. Samtökin telja eitt aðalhyggjuæfnið að innan skamms tíma geti markaðurinn ekki svarað eftirspurn ungs fólks sem hyggst kaupa sér íbúð.

Jón Steindór segir að á undanförunum árum hafi vissulega verið byggt langt yfir meðaltali síðustu áratuga. „En þessar tölur segja okkur engu síður að það stýttist mjög í að það verði skortur á íbúðahúsnæði. Á síðustu árum byggðum við í samræmi við tíðarandann og því vantar minni og viðráðanlegri íbúðir inn á markaðinn. Það eru stórir árgangar að koma út á húsnæðismarkaðinn og þó að það sé til töluvert af húsnæði þá hentar það ekki þeim hópi.“

Fasteignamarkaðurinn hefur lengst af þróast í samræmi við náttúrulega fjölgun þjóðarinnar og nýbyggingar verið um 2.000 á ári. Nú stefnir hins vegar í að það myndist „skalli“ á markaðnum, því þegar eftirspurnin eykst að nýju

Íbúðabyggingar 1995-2009



„Það eru stórir árgangar að koma út á húsnæðismarkaðinn og þó að það sé til töluvert af húsnæði þá hentar það ekki þeim hópi.“

JÓN STEINDÓR VALDIMARSSON,
FRAMKVÆMDASTJÓRI
SAMTAKA ÍÐNÁÐARINS.

vantar íbúðir af hagstæðri stærð. „Þá má líka spyrja hverjir eiga að byggja þær íbúðir,“ segir Jón Steindór. Hann segir að þrátt fyrir að stór verktakafyrirtæki í byggingariðnaði lifi ennþá, og þá í gegnum gríðarlegan niðurskurð, þá sé staða minni verktaka alvarlegri. „Það eru mörg lítil fyrirtæki í þessari grein sem eru stopp eða horfin. Það gæti orðið hægara sagt en gert að koma

greininni í gang að nýju ef þetta heldur áfram sem horfir.“

Bjarni Már Gylfason, hagfræðingur hjá Samtökum iðnaðarins, telur að það taki eitt til tvö ár fyrir fasteignamarkaðinn að éta upp offramleiðslu síðustu ára. Það sé heldur ekki vitað hversu mikið af íbúðarhúsnæði standi autt. „Ég held að það sé ekki eins mikið og margir halda fram.“ svavar@frettabladid.is

Samtökin Miðborgin okkar: Töluvert dregið úr viðskiptum

VERSLUN Magnús G. Friðgeirsson, formaður samtakanna Miðborgin okkar, er afar ánægður með skjót viðbrögð ríkis, borgar og annarra hagsmunaaðila við erfiðleikum í ferðaþjónustu í kjölfar gossins í Eyjafjallajökli. Ákveðið hefur verið að setja milljarð króna í landkynningu erlendis.

Samtökin Miðborgin okkar blésu til fundar í lok síðustu viku þar sem forkólfar ferðaþjónustunnar og hagsmunaaðilar miðborgarinnar skiptust á upplýsingum.

„Ég fann fyrir mikilli samheldni og finnst ótrúlega margt hafa áunnist á skömmum tíma,“ segir Magnús. Hann segir að talsvert hafi slegið á viðskipti í miðborginni eftir að gosið í Eyjafjallajökli hófst. „Þar af leiðandi fannst okkur tilefni til samráðs og samstarfs. Fyrir gos var búist við einhverju besta ferðamannasumri nokkru sinni. Með því að grípa til skjótra aðgerða er vonandi hægt að koma í veg fyrir að það hlaupi frá okkur.“ - ve

LÖGREGLUMÁL

Margir á ferli í Eyjum

Margt fólk var á ferli í miðbæ Vestmannaeyja um helgina en lítið um árekstra á milli manna. Lögreglan var tvisvar kölluð til vegna slagsmála en í báðum tilfellum höfðu slagsmálhundarnir horfið á braut áður en lögreglan kom á staðinn.

Fíkniefni fundust á Akureyri

Lögreglan á Akureyri var kölluð út í heimahús í gærmorgun vegna hávaða. Í framhaldi af því var gerð húsléit og fundust á heimilinu nokkur grómm af kannabísefnum auk amfetamíns. Tveir piltar á táningsaldri voru handteknir í kjölfarið og yfirheyrðir af lögreglu. Rannsókn málsins telst lokið.

Skattayfirvöld sækja að rúmlega þrjátíu fyrrverandi stjórnendum bankanna:

Stjórnendur fá milljóna bakreikninga

SKATTAMÁL Rúmlega þrjátíu fyrrverandi stjórnendur Glitnis og Kaupþings hafa fengið bakreikning frá skattayfirvöldum vegna söluréttasamninga. Krefjast skattayfirvöld að samningarnir verði skattlagðir sem launatekjur en ekki fjármagnstekjur. Dæmi eru um að menn hafi hagnast um hálfan milljarð á samningunum. Þetta kom fram í fréttum Stöðvar 2 í gær.

Skattayfirvöld hafa um nokkurt skeið skoðað söluréttarsamninga sem starfsmönnum gömlu bankanna bauðst. Vilja þau meina að slíka samninga beri að skattleggja sem launatekjur en ekki fjármagnstekjur.

Söluréttarsamningar virkuðu þannig að starfsmönnum gafst færi á að kaupa hlutabréf með söluréttartryggingu fyrirtækisins. Ef bréfin hækkuðu í verði gátu þeir

valið að eiga bréfin eða selja þau en ef þau lækkuðu gátu þeir gengið frá samningnum sér að kostnaðarlausu. Stjórnendurnir greiddu 10 prósentu fjármagnstekjuskatt þegar bréfin voru seld en greiddu ekkert vegna söluréttarins.

Þessu vill Ríkisskattstjóri breyta og hefur þegar unnið málið fyrir yfirskattanefnd og héraðsdómi. Samkvæmt heimildum fréttastofu Stöðvar 2 hafa nú rúmlega 30 fyrrverandi stjórnendur Glitnis og Kaupþings fengið endurákvörðun opinberra gjalda frá skattayfirvöldum vegna samninganna. Meðal þeirra eru fyrrverandi forstjóri og stjórnarformaður Kaupþings, Hreiðar Már Sigurðsson og Sigurður Einarsson, og fyrrverandi forstjóri Glitnis, Bjarni Ármannsson. Málin munu þó vera misjafnlega langt á veg komin. - gh



KAUPÞINGSMENN Sigurður Einarsson og Hreiðar Már Sigurðsson eru meðal þeirra sem fengu endurákvörðun opinberra gjalda frá skattayfirvöldum.

Bókaklúbbur barnanna

Sígild ævintýri ásamt geisladiski í hverjum mánuði.

Fyrsta bókin á aðeins 945 kr!

Skráðu þig á: klubbhusid.is
eða í síma **528-2000**

Símatillboð Nova snerta við öllum!



Vinsælasti snertisíminn

Nokia 5230

Útborgun: 9.990 kr.
Afborgun: 2.000 kr. á mán. í 12 mán.
2.000 kr. notkun á mán. í 12 mán. fylgir.

33.990 kr./stgr.

**1.000 kr. notkun
á mánuði í
12 mán. fylgir!**
Gildir í áskrift og frelsi.



Flottasti snertisíminn

iPhone 3GS

Útborgun: 0 kr.
Afborgun: 9.900 kr. á mán. í 18 mán.
2.000 kr. notkun á mán. í 18 mán. fylgir.

146.990 kr./stgr.

**2.000 kr. notkun
á mánuði í
18 mán. fylgir!**
Gildir ekki með staðgreiðslu.

**1.000 kr. notkun
á mánuði í
12 mán. fylgir!**
Gildir í áskrift og frelsi.

Ódýrasti snertisíminn

Huawei U7510

Útborgun: 0 kr.
Afborgun: 2.000 kr. á mán. í 12 mán.
1.000 kr. notkun á mán. í 12 mán. fylgir.

24.000 kr./stgr.

Bíókort, 6 x í bíó,
fylgir Huawei U7510!



**Stærsti
skemmtistaður
í heimi!**

NOVA

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lág múla, Glerártorgi Akureyri
og MM Selfossi | Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is | m.nova.is | Facebook | Twitter

GENGIÐ 30.04.2010

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	127,37	127,97
Sterlingspund	195,25	196,19
Evra	169,57	170,51
Dönsk króna	22,779	22,913
Norsk króna	21,587	21,715
Svænsk króna	17,653	17,737
Japanskt jen	1,3464	1,3542

SDR 192,35 193,49

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

226,3981

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Íslandsbanki í útrás:

Skrifstofa opni í New York

VIÐSKIPTI Íslandsbanki ætlar að hasla sér völl í Bandaríkjunum með fjármálaráðgjöf við fjárfesta



BIRNA EINARSSDÓTTIR

í sjávarútvegi og jarðvarmaorku. Til stendur að opna skrifstofu í New York og segir Birna Einarssdóttir, bankastjóri Íslandsbanka, að mynd Íslands á þessum vettvangi hafi ekki laskast þrátt fyrir bankahrun. Þetta kom fram í fréttum Stöðvar 2 í gær.

Íslandsbanki hefur einbeitt sér að þjónustu við fyrirtæki sem starfa í sjávarútvegi og í tengslum við jarðhita.

Ef allt gengur að óskum opnar skrifstofan á næstu vikum. - gh

Sjúkraflugvélar kyrrsettar:

Vonandi flogið aftur í dag

SAMGÖNGUR Flugvélar Flugfélags Vestmannaeyja sem sinna sjúkraflugi milli lands og eyja hafa ekki haft leyfi til þess að fljúga frá því á föstudag samkvæmt fréttavefnum sudur.net.

Þar er haft eftir framkvæmdastjóra Flugfélags Vestmannaeyja, Valgeiri Arnórssyni, að Flugmálastjórn sé að skoða umbeðin gögn og vonar að hægt verði að byrja að fljúga aftur í dag.

Vísir greindi frá því á laugardag að kalla þurfti þyrlu Landhelgisgæslunnar út til þess að sækja alvarlega veikan mann aðfaranótt laugardags. Þyrlan þurfti að sækja manninn þar sem báðar sjúkraflugvélar í Vestmannaeyjum máttu ekki fljúga.

Grikkir þurf að færa miklar fórnir til að koma í veg fyrir gjaldþrot þjóðarbúsins:

Samþykkja neyðaraðstoð frá ESB og AGS

GRIKKLAND Gríska ríkisstjórnin hefur ákveðið að þiggja aðstoð Evrópusambandsins og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins við að vinna sig út úr þeim efnahagsþrengingum sem við blasa við grísku þjóðoinni. George Papandreou, forsætisráðherra Grikklands, segir íbúa landsins þurfa að færa miklar fórnir til að koma í veg fyrir yfirvofandi gjaldþrot. Óttast er að efnahagskreppan í Grikklandi geti haft skaðleg áhrif á efnahag annarra ríkja á evrusvæðinu.

Áætlað er að lánagreiðslur til Grikkja geti numið allt að 120

milljörðum evra á næstu þremur árum.

Grikkir þurfa að skera niður ríkisútgjöld um 30 milljarða evra á næstu þremur árum og er markmiðið að fjárlagahalli, sem var 13,6 prósent af vergri landsframleiðslu á síðasta ári, verði kominn niður í 3 prósent árið 2014.

José Manuel Barroso, forseti framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, sagði björgunaraðgerðirnar eiga bæði að stuðla að efnahagslegu jafnvægi í Grikklandi og á evrusvæðinu sjálfu.

- sm

Aðgerðir Grikkja

- Hætta þarf við bónusgreiðslur til ríkisstarfsmanna.
- Minnka þarf árlegar uppbætur til fólks og tekjuhærri einstaklingar fá alls engar uppbætur.
- Hætt er við launahækkanir til ríkisstarfsmanna næstu þrjú árin.
- Hækka virðisaukaskatt úr 21 prósent í 23 prósent.
- Hækka skatta á eldsneyti, áfengi og tóbaki um 10 prósent.
- Leggja skatt á ólöglegar byggingarframkvæmdir.

Bílsprengjan sprakk ekki vegna galla í kveikjubúnaði

Samtökin Tarik-e-Taliban segjast í myndbandi bera ábyrgð á bílsprengjunni sem komið var fyrir á Times Square í New York í fyrrkvöld. Bandaríska alríkislögreglan rannsakar allar vísbendingar. Galli í kveikjubúnaði varð til þess að sprengjan sprakk ekki en hún hefði getað drepið þúsundir sem voru á torginu.

BANDARÍKIN Samtökin Tarik-e-Taliban, sem eru samtök pakistanskra talibana, segjast bera ábyrgð á bílsprengjunni sem sprengja átti á Times Square í New York í fyrrkvöld. Þetta kom fram á myndskreiði sem birtist á vefnum Youtube í gær.

Samkvæmt myndbandinu var sprengjunni komið fyrir á torginu til að hefna tveggja leiðtoga al-Kaída-samtakanna, sem dreppir voru í Írak fyrir skömmu og fyrir loftárásir Bandaríkjamanna á talibana í Pakistan.

Bandarísk stjórnvöld leggja nú allt kapp á að upplýsa hver stóð að baki bílsprengjunni. Vegna bilunar í kveikjubúnaði sprakk hún ekki. Þúsundir manna voru samankomnar á torginu og mátti litlu muna að illa færi.

Bæði Barack Obama, forseti Bandaríkjanna, og Michael Bloomberg, borgarstjóri New York, þökkðu skjótt viðbrögðum lögreglu borgarinnar.

„Við vorum heppin,“ sagði Bloomberg og þakkaði um leið vökulum augum íbúa borgarinnar. Þá sagði hann að þótt sprengjan virtist hafa verið „viðvaningslega gerð“ hefði hún getað banað þúsundum. Alríkislögreglan rannsakar fjölmargar vísbendingar sem hún hefur komist yfir, meðal annars hár og fingraför sem fundust í bifreiðinni. Þá er verið að fara yfir allar upptökur úr nálægum eftirlitsmyndavélum.

Að sögn yfirvalda var sprengjan gerð úr flugeldum, própangasi, bensíni og með tímastilli. Henni var komið fyrir í grænni Nissan Pathfinder bifreið sem var lagt á horni 45. strætis og 7. breiðgötu. Götusali sá reyktu frá bílnum um kvöldmatarleytið og lét lögreglu vita. Billinn var skilinn eftir í gangi og með blikkandi hættuljós. Sprengjusérfræðingar voru kallaðir til og var stór hluti hverfisins lokaður af. Hann var þó opnaður aftur eftir að bifreiðinni hafði verið komið fyrir á öruggum stað. Flestum sýningum á Broadway var haldið áfram.

kristjan@frettabladid.is



SPRENGJAN GERÐ ÓVIRK Á stærri myndinni má sjá mann úr sprengjudeild lögreglunnar gera sprengjuna óvirka en á innfelli myndinni má sjá þegar bifreiðin var dregin burt.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Times Square – krossgötur heimsins

Bandarísk stjórnvöld hafa lengi óttast að Times Square í New York, sem hefur verið kallað hjarta borgarinnar, yrði fyrir hryðjuverkaárás. Torgið er um sex kílómetra frá staðnum þar sem Tivburaturnarnir stóðu og er afar vinsæll áfangastaður ferðamanna. Um 37 milljónir manna heimsækja torgið á hverju ári og þegar mest lætur getur mannmergðin orðið svo mikil að erfitt getur verið að komast um á torginu. Meira en þrjátíu leikhús eru nálægt torginu og hefur gatnamótum 7. breiðstrætis og 42. götu verið lýst sem krossgötum heimsins.

Torgið var eitt sinn kallað Longacre Square en núverandi nafn fékk það eftir að New York Times opnaði skrifstofu sína þar árið 1904. Mörg ár eru síðan blaðið flutti sig um set.

Talið er að allt að ein milljón manna komi þar saman á hverju ári til að fagna áramótum.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem torgið er rýmt af ótta við sprengjuárás. Í desember árið 2009 var því lokað í stutta stund þegar grunur lék á að sprengja gæti verið falin í númerslausum bíl sem stóð þar. Sá ótti reyndist óþarfur.

Nýr Nicorette plástur fæst nú 25 mg og hálf gagnsær

Nýtt!

Nicorette Invisi 25 mg
Er að hærra styrkleika en fyrri forðaplástrar frá Nicorette

Nicorette® níkotínýf eru láanleg án lyfseðils og eru notað til að auðvelda reykingafólki að venja sig af tóbaki með því að draga úr níkotínþörf og frávarfseinkennum. Skammtar eru einstaklingsbundin eftir því hve mikið er reykt. Notaðu forðaplástrinn einan og sér eða samhlífis 2mg Nicorette lyfjalyggjum eða Nicorette innsögstyli. Hámarksdagsskammtur er 1 stk. forðaplástur og annað hvort 24 stk. lyfjalyggjum eða 12 hylki af innsögstyli. Til að ná sem bestum árangri skal fylgja leiðbeiningum í lyfjaseðli. Leitið til læknis eða lyfjafæðings ef þú ert á frekari upplýsingum um lyfin. Þeir sem rengru hafa ónámi fyrir níkotíni eða öðrum innihaldsefnum lyfisins, nýlsgí hjartaáfall, óstöðuga versnandi hjartaþing, alvarlegar hjartaáttartruflanir, ómeðhöndlaðan háþrýsting eða nýlsgí heilablóðfall eiga ekki að nota Nicorette. Börn yngri en 15 ára mega ekki nota Nicorette. Þungaðar konur og konur með barn á brjósti skulu eingöngu nota Nicorette í samráði við heilbrigðisstarfsmann. Lesið allan lyfjaseðilinn vandlega áður en þú byrjar og að nota lyfið. Markaðsleyfishafi: McNeil Denmark ApS. Umbod á Íslandi: Vísir hf., Horgatún 2, 210 Garðabæ.

VEÐURSPÁ


Elísabet Margeisdóttir
veðurfréttamaður

RÓLEGT VEÐUR

Veður verður rólegt í vikunni en búast má við dálitilli vætu af og til, einkum norðan og vestan til. Það lítur út fyrir að Suðausturland verði í algjörum sérflokki hvað sólskin og hita varðar en á fimmtudag gæti hitinn þar náð allt að 18°C.

Á MORGUN 3-8 m/s.

MÍÐVIKUDAGUR 5-10 m/s.



HEIMURINN

Alicante	17°
Basel	14°
Berlín	10°
Billund	9°
Frankfurt	12°
Friedrichshafen	8°
Gautaborg	10°
Kaupmannahöfn	10°
Las Palmas	20°
London	8°
Mallorca	20°
New York	28°
Orlando	35°
Ósló	10°
París	8°
San Francisco	27°
Stokkholmur	9°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig er í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

Sumargleði!



20 til 30%
afsláttur af öllum vörum



SAND

BOSS
HUGO BOSS


HUGO
HUGO BOSS

RALPH LAUREN

Regndagar!

15% afsláttur

af **TICKET
TO HEAVEN**



20% afsláttur af

POLO RALPH LAUREN



bisgaard



POLO RALPH LAUREN

ENGLABÖRNIN

Falleg fót á stelpur og stráka...

Kringlunni sími 552 2201

KJÖRKASSINN



Viltu að giftingar samkynhneigðra verði leyfðar innan þjóðkirkjunnar?

Já 62,2%
Nei 37,8%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Spilar þú póker?

Segðu skoðun þína á visir.is

6

Heimsmeistarinn í snóker hefur gerst sekur um mútupægni:

Higgins dæmdur í keppnisbann

BRETLAND Heimsmeistarinn í snóker, John Higgins, hefur verið dæmdur í keppnisbann eftir að upp komst um að hann hafi þegið mútur. Samkvæmt heimildum News of the World á Higgins að hafa þegið greiðslu sem hljóðar upp á 51 milljón króna gegn því að tapa leik.

Blaðamaður hjá News of the World hefur undir höndum myndband þar sem sjá má Higgins og umboðsmann hans, Pat Mooney, semja um tapið við mann í Úkraínu. Higgins neitar sök. „Í öll þau ár sem ég hef leikið snóker hef ég

aldrei þegið mútur. Í Úkraínu óttadist ég um líf mitt, ég vissi ekki við hvern ég átti og þorði ekki annað en að hlýða manningnum ef vera skyldi að hann tilheyrði rússnesku mafíunni,“ var haft eftir Higgins.

Formaður Félags snókerleikmanna, Barry Hearn, dæmdi Higgins í leikbann í kjölfar fréttanna. Hann sagði málið svo alvarlegt að hann hafi neyðst til að grípa til örþrifaráða. Hann segir málið nú til skoðunar og að niðurstöðu verði að vænta innan nokkurra vikna.

- sm




Í KEPPNISBANN John Higgins fékk greidda háa upphæð fyrir að tapa leik í snóker. NORDICPHOTOS/GETTY

Heimssýningin EXPO 2010:

Mikil aðsókn í íslenska skálann

ÚTFLUTNINGUR Íslenski skálinn á heimssýningunni EXPO 2010 í Shanghai var opnaður formlega á laugardag en biðaðir hafa myndast fyrir utan skálann í þau fjögur skipti sem hann hefur verið opnaður óformlega. Um 20 þúsund gestir höfðu lagt leið sína í skálann.

Á EXPO er ætlunin að kynna Ísland sem áfangastað fyrir ferðamenn, hátæknilausnir á sviði jarðhita, íslenskt hugvit og að rækta pólitísk samskipti við Kína.



OLÍUFLEKKURINN Mynd frá Bandarísku geimferðastofnuninni sýnir vel hversu hratt olían breiðist út. Tímasetningin gæti vart verið verri þar sem varptími fugla og hrygning fiska stendur nú sem hæst á svæðinu. Flekkurinn er nú á stærð við Puerto Ríko eða tíu þúsund ferkílómetrar. NORDICPHOTOS/AFP

Telja að olían leki í sjóinn í þrjá mánuði

Bandaríkjaforseti kom í gær til Louisiana til að kynna sér síversnandi ástand þar vegna olíulekans í Mexíkóflóa. Yfirvöld viðurkenna að upplýsingar um olíulekann séu óreiðanlegar. Þrjá mánuði gæti tekið að koma í veg fyrir lekann.

BANDARÍKIN, AP Barack Obama Bandaríkjaforseti kom til Louisiana í gær til að kynna sér aðgerðir vegna olíulekans úr borpallinum Deepwater Horizon sem sökk 22. apríl. Olíuflekkurinn stækkar sífellt og nálgast ströndina óðfluga. Stærsta mengunarslys í bandarískri sögu virðist óumflýjanlegt.

Obama forseti fundaði í gær með háttsettum embættismönnum þeirra fimm ríkja sem hafa eða búist er að muni þurfa að glíma við mikla olíumengun. Umræðuefnið er einfaldlega hvernig megi taka á vandanum sem Bobby Jindal, ríkisstjóri í Louisiana, segir að ógni ekki aðeins náttúru og lífsviðurværi þúsunda manna heldur einnig lífsháttum fólks til lengri tíma. Auk Louisiana hefur verið lýst yfir neyðarástandi í Mississippi, Alabama og Florida.

Obama hefur sagt opinberlega að í engu verði sparað og mengunarslysinu verði mætt með öllum þeim úrræðum sem Bandaríkin hafa úr að spila. Íbúar á svæðinu eru þess hins vegar minnugir að forveri Obama í embætti, George Bush, hafði upp fagurgala þegar fellibylurinn Katrina reid yfir svæðið árið 2005. Íbúarnir óttast að mengunarslysið muni hafa meiri áhrif en Katrina þar sem það tekur mörg ár fyrir lífríkið að jafna sig eftir stórt mengunarslys.

Olíuflekkurinn nálgast nú austurströnd Bandaríkjanna óðfluga. Ríkjandi vindátt er óhagstæð og fjölbreyttu dýralífi fenjasvæða og fiskimiðum er ógnað.

Bandaríska strandgæslan hefur haldið því fram að jafngildi fimm þúsund olíutunna leki í sjóinn á hverjum degi sem jafngildir um 800 þúsund lítrum. Háttsettir embættismenn halda því hins vegar fram að

TILTÆKUR OLÍUHREINSUNARBÚNAÐUR

Úðakerfi Flugvélar geta dreift 20 tonnum af bindiefnum á klukkustund.

Douglas DC-3 og C-130 Herkúles vélar dreifa efnum yfir hafflöttinn.

Bindiefni Brjóta olíuna niður í dropa sem sökkva til botns. Mengar botninn.

Flotgirðingar Notaðar til að hindra útbreiðslu olíunnar.

Strandgæslan Sér um aðgerðir á vettvangi.

Olía innan flotgirðinga hefur verið brennd.

45 sentimetrar eru ofansjávár.

30 sentimetrar eru neðansjávár.

Flotið er úr frauðplasti.

Keðjur halda girðingunni niðri.

Færibönd Nýtt til að vinna olíu af hafflettinum sem sett er í tanka.

© GRAPHIC NEWS

í raun viti menn ekki hversu mikill lekinn er. Útbreidd skoðun er á meðal viðbragðsaðila að lekinn sé fimmfalt meiri en menn töldu í fyrstu.

Óttast er að aðgerðum á slystað verði ekki lokið fyrr en í júlílok og þá verði olíumengunarslys af óþektri stærðargráðu staðreynd.

svavar@frettabladid.is

Varnarmálaráðherra S-Kóreu: Heitir því að ná árásarmönnum

KÓREA Kim Tae-young, varnarmálaráðherra Suður-Kóreu, hefur heitið því að þeir sem sökkta suður-kóreska herskipinu Cheonan undan strönd Norður-Kóreu í lok mars skulu greiða fyrir það dýru gjaldi.

Mikil sprenging hlutaði skipið í sundur og létust 46 suðurkóreskir skipverjar lífið. Skipið sökk 26. mars. Líklegast er talið að tundurskeyti hafi grandað skipinu. Búið er að ná flaki skipsins af hafsbotni og er það nú til rannsóknar.

Kim Tae-young gaf ekki upp til hvaða aðgerða yrði gripið og sakaði Norður-Kóreumenn ekki með beinum orðum um verknaðinn. Margir Suður-Kóreumenn hafa þá hins vegar grunaða.

Yfirvöld í Pyongyang, höfuðborg Norður-Kóreu, hafa neitað allri aðild að málinu.

HREINSUN OLÍUBLAUTRA FUGLA

Olía sest í fiður fugla sem verður til þess að þeir geta ekki haldið á sér hita. Þeir gleypa olíu sem hefur áhrif á lífrar- og nýrnastarfsemi og eyðileggur æxlunarfæri



Augu Skuluð með heitri lausn

Goggur og nasir

Hreinsaðar með bómull

Fiður Ítrekað

hreinsað með sápu

© GRAPHIC NEWS

Sérhönnuð hárvörulína fyrir

SLÉTTAN STÍL



Til að ná hárinu sléttu og glansandi ver hárið gegn hita

TONI & GUY

HANNAÐ AF FAGFÓLKI - Á VERÐI FYRIR ÞIG

Lífrænn barnamatur sem kitlar bragðlaukana



Engin erfðabreytt innihaldsefni
Ræktað án notkunar meindýraeiturs



VORTILTEKT!



QUEEN SIZE RÚM
(153x203 cm)

FRÁ 99.000 kr.

NÚ HREINSUMVIÐ ÚT 30-50% AFSLÁTTUR

Við eigum von á nýrri vörulínu frá **King Koil Comfort solution** og ætlum því, ánæstu dögum, að selja eldri gerðir

með allt að 50% afslætti.

COMFORT
solutions®

By King Koil®



ÁTTU VON Á GESTUM?

Í Rekkjuni er að finna eitt mesta úrval landsins af svefnsófum í einum stærsta og glæsilegasta svefnsófasýningarsal landsins.

rekkjan

FRÉTTAVIDTAL: Guðlaugur Þór Þórðarson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins

Þetta er kostnaðurinn við lýðræðið

Guðlaugur Þór Þórðarson þáði 24,8 milljónir í styrki fyrir þingkosningarnar 2007, meira en nokkur annar frambjóðandi samkvæmt upplýsingum Ríkisendurskoðunar. Vegna þessa hafa heyrst kröfur um að hann segi af sér þingmennsku og fólk hefur látið óánægju sína í ljós við heimili hans. Guðlaugur svaraði spurningum Fréttablaðsins um málið.

Þú þáðir langhæstu styrkina af öllum þeim sem tóku þátt í prófkjörum fyrir þingkosningarnar 2007, bæði í þínum flokki og öðrum, og líklega hæstu styrki sem stjórnmálamaður hefur nokkru sinni þegið á Íslandi. Hvernig stendur á því? Af hverju stóðu svona stórkostlegir styrkir þér til boða og af hverju þáðirðu þá?

„Í fyrsta lagi er mjög mikilvægt að menn séu með ákveðnar staðreyndir á hreinu. Það hefur verið mjög misjafnt hvernig hefur verið staðið að þessum prófkjörum. Það er fullkomlega ómögulegt að bera saman til dæmis þessi litlu prófkjör sem rétt yfir þúsund manns taka þátt í eða prófkjörin sem voru hér í Reykjavík sem voru stærstu prófkjörin.

Síðan voru menn ekki bókhalds- eða framtalsskyldir og Ríkisendurskoðun skoðaði ekkert þessa styrki. Það er ekki hennar hlutverk að sannreyna eða fara ofan í þær upplýsingar sem henni eru sendar. Ég ákvað hins vegar þegar ég fór í prófkjör, bæði 2002 og 2006, að fara eftir ströngustu reglum sem hægt var að finna, en það voru leiðbeiningar Ríkisendurskoðunar. Þannig að ég gaf upp og upplýsti um allt sem sneri að prófkjörinu. Í bókhaldi framboðsins er gerð grein fyrir öllum útgjöldum og kvittanir fyrir þeim öllum. Það er eitthvað sem ég get náttúrulega ekki séð eftir. Á þessum tíma var ég að fara í afskaplega stórt prófkjör, gegn sitjandi ráðherra sem átti vísan stuðning öflugra bakhjarla. Ég er ekki stórnáttúrulega og ekki af auðugu fólki kominn, og hef þurft við þessar aðstæður að þiggja styrki í mín prófkjör. Þetta voru þær leikreglur sem voru í gildi á þeim tíma og það er ekkert hægt að fullyrða um hver hafi verið með mestu styrkina eða stærsta prófkjörinu. Það bara vitum við ekki.“

Ertu að segja að það séu einhverjir frambjóðendur sem hafi ekki skilað fullum upplýsingum um sín prófkjör til Ríkisendurskoðunar?

„Ég er ekki að segja það. Það að ætla að draga saman upplýsingar um hverjir styrktu frambjóðendur svo löngu á eftir mun aldrei verða annað en ófullkomin tilraun svo ég vitni í orð formanns Sjálfstæðisflokksins. Þannig að ég er bara að benda á hið augljósa, sem allir ættu að vita, að það er mjög erfitt að bera þessi prófkjör saman. En menn geta skoðað málin og dregið þá ályktun að það hafi einhverjir aðilar farið svipaða leið og ég, í það minnsta.“

Hvað áttu við með því? Af hverju getur maður dregið þær ályktanir?

„Þú sérð bara til dæmis í því prófkjörinu sem ég fer að í fimmta sæti er aðili sem fær styrki upp á einhverjar fimmtán eða sautján milljónir miðað við þessar upplýsingar.“

Nú hefur þú sjálfur sagt að styrkirir til þín hafi verið of háir.

„Það hefur alla tíð verið vitað að menn væru að auglýsa og nota ýmislegt sem kost- aði peninga í prófkjörum. En við erum að sjá það núna með rannsóknarskýrslunni að það er svo margt sem við ákváðum að ræða ekki um og halda leyndarhjúp yfir. Það var mjög óskynsamlegt. Þess vegna kemur það mörgum á óvart – og kannski flestum – að það hafi verið töluverður kostnaður í tengslum við prófkjör.“

Mig minnir að framlag ríkisins til stjórnmálaflokkanna á ári sé núna 370 milljónir og síðan eru framlög einstaklinga og lög- aðila ofan á það. Þetta er nú kostnaðurinn við lýðræðið. Það er ekki eins og menn noti þetta í kaffikostnað. En auðvitað höfum við átt að setja þær reglur sem við erum með núna miklu fyrr. Það er allra hagur, ég tala nú ekki um frambjóðenda, að það séu skýrar reglur um þessa hluti og gegnsæjar. En við vorum búin að breyta reglunum fyrir hrún og ég held að það hafi verið gott og skynsamlegt.“

Fyrst þú minnst á reglurnar: Á sama tíma og þú þáðir þessa styrki, og hafðir einnig



EKKI Á ÚTLEIÐ Guðlaugur Þór fékk 24,8 milljónir í styrki fyrir kosningarnar 2007. Vitað er að tvær milljónir komu frá Baugi, tvær frá FL Group, ein og hálf frá Landsbankanum og ein frá Kaupþingi. Ekkert hefur verið gefið upp um hinar 18,3 milljónirnar.

milligöngu um að afla Sjálfstæðisflokknunum tugmilljóna frá fjármálafyrirtækjum, sást þú í nefnd sem mótaði og lagði fram frumvarp að lögum gegn nákvæmlega þeirri háttsetningu þegar þú virðist ekki hafa verið ýkja mótfallinn því sem lögin áttu að hindra?

„Það er nú ákveðinn misskilningur í þessu. Í fyrsta lagi gera nýju lögin ráð fyrir framlögum frá fyrirtækjum og síðan lá fyrir, og það vissu allir, að flokkarnir höfðu þetta ár til að safna fjármunum. Ég hafði ekki milligöngu um þetta eins og margt hefur komið fram. Það sem ég gerði hins vegar, var að ég hvatti nokkra aðila sem síðan fóru í fjármálaráð Sjálfstæðisflokksins, að safna peningum. Aðrir veittu styrkjum um viðtöku og samþykktu þá.“

Þegar frumvarpið er síðan lagt fram hefur það að geyma í raun sama prinsipp og ég setti mér sjálfur varðandi styrki, þótt í frumvarpinu hafi verið lægri upphæðir, að þeir væru frá mörgum aðilum en prófkjörinu ekki bara borðið uppi af einum eða tveimur. Það eru hins vegar margir aðilar sem voru jafnvel með alla baráttuna borgaða af einum aðila. Það hefur verið lítil umræða um það. Frumvarpið kom inn í þingið í desember og prófkjörinu lauk í október.“

Þú talar um dreifingu þinna styrkja. Eftir sem áður varstu með milljón eða meira frá níu fyrirtækjum og fimm einstaklingum. Finnst þér það eðlilegt?

„Ég var að lesa kafla Huldu Þórisdóttur í rannsóknarskýrslunni, sem hefur bent á hið augljósa: að það er mjög erfitt að nota reglustiku nútímans aftur í tímann. Auðvitað hefði maður gert hlutina allt öðruvísi ef maður hefði séð þetta fyrir. Það segir sig sjálft.“

Hvað er það sem þú veist í dag en vissir ekki þá sem gerir það að verkum að þú sérð að þetta var ekki eðlilegt?

„Þá er ég nú að vísa til þess að efnahagskerfi okkar stóð ekki þeim traustu fótum sem við höldum. Þótt ég haldi að mistök okkar í Sjálfstæðisflokknun hafi fyrst og fremst verið að fylgja ekki betur eftir þeim

hugmyndum og hugsjónum sem við stöndum fyrir – og ég tel að við höfum vikið af leið í þeim efnum.“

Hefði verið eðlilegra að þiggja háa styrki ef fjármálakerfið hefði staðið traustum fótum?

„Þetta er umhverfið sem maður bjó við. Þetta umfang var fyrir allra augum og menn ræddu það í fjölmiðlum og annars staðar. Það hefði verið mjög erfitt fyrir mig að ákveða að gjörbylta kerfinu og setja mér styrkjahámark í þeirri baráttu sem ég stóð í. Ég var hins vegar afskaplega ánægður með að ég skyldi fylgja minni sannfæringu og taka þennan slag þótt það hafi verið útskýrt fyrir mér af valdamiklum aðilum að ég mundi hafa verra af og það mundi vinna gegn mér alla ævi ef ég vogaði mér að gera þetta.“

Hvaða valdamiklu aðilum?

„Það var fyrrverandi ritstjóri sem gerði það. Hann útskýrði fyrir mér að Sjálfstæðisflokkurinn samanstæði af nokkrum fjölskyldum og ég væri ekki inni í neinni þeirra.“

Ertu að tala um Styrmi Gunnarsson?

„Það verður bara hver og einn að geta í það en ég held að þegar menn skoða skrif ýmissa aðila þá sjái menn þá hluti í samhengi. Ég hins vegar fylgdi minni sannfæringu og ég held að það hafi verið ein af ástæðum þess að framboð mitt fékk þennan breiða stuðning. Ég hef alltaf haft afskaplega mikinn stuðning, og þótt fjárhagslegi stuðningurinn skipti miklu þá helst hann í hendur við þá stemningu sem er hverju sinni. Það er almennt auðveldara fyrir þá frambjóðendur sem gengur vel að afla styrkja. Þar sem er lengri hefð fyrir þessu og meira gegnsæi, eins og í Bandaríkjunum, þá er sá frambjóðandi sem hefur safnað mestum fjármunum Barack Obama. Ég er ekki að bera mig saman við hann á neinn hátt en hins vegar helst þetta oftast en ekki í hendur.“

Almenningur kallar eftir því að þeir stjórnmálamenn sem höfðu of nán tengsl við viðskiptalífið axli ábyrgð og segi af sér.

Tveir félagar þínir úr þingliði Sjálfstæðisflokksins hafa vikið, tímabundið að minnsta kosti, beinlínis vegna slíkra tengsla. Hefur þú velt því fyrir þér að fara sömu leið?

„Nei, ég hef ekki gert það. Enda held ég að þegar menn skoða mín verk af einhverri sanngirni þá geti þeir ekki komist að neinni annarri niðurstöðu en að ég hafi verið að vinna með hag almennings að leiðarljósi og svo sannarlega ekki látið neina aðra hagsmuni þvælast fyrir því. Ef menn skoða hvernig ég fór að því að lækka lyfja- verð held ég að menn komist að þeirri niðurstöðu að ég hafi ekki verið að gera neitt annað en að ganga þvert á hagsmuni peningaaflanna í þjóðfélaginu, ef við getum kallað þau það.“

Í upplýsingunum til Ríkisendurskoðunar gefurðu ekki upp nafn neins þeirra sem styrkti þig. Af hverju ekki?

„Styrkirir voru veittir á grundvelli nafn- leyndar og ég mun ekki birta nöfn nema það sé búið að fá samþykki fyrir því. Það gildir það sama um mig og Sjálfstæðisflokkinn og að því er ég best veit alla frambjóðendur Sjálfstæðisflokksins. Hins vegar hefur nú mikið af þessu komið fram þótt menn hafi tilhneigingu til að gleyma því.“

Hefurðu leitað eftir því að þessir aðilar gefi sig upp?

„Það hefur ekki verið farið í það með skipulegum hætti að fá aðila til að gefa sig upp en það gæti vel orðið. Ég hefði samt haldið að þegar menn sáu að þetta voru um 40 aðilar sem styrktu þetta prófkjör þá myndu menn meta að það væri verið að gera þetta eftir þeim prinsippum sem við viljum hafa í svona prófkjörum.“

Að óánægjunni. Mótætlendur söfnuðust saman heima hjá þér í gær (í fyrrakvöld). Hvað finnst þér um það?

„Ef einhver heldur að svona mótætl- eining beinist gegn öðrum en börnum þá er það bara misskilningur. Fólk má mótæla mér hvar og hvenær sem er og ég get hitt þetta fólk, en fyrir utan heimili manns – það er ekki gott. Heima hjá mér er mjög stutt frá götu í glugga og þarna voru einhverjir einstaklingar sem stóðu fyrir utan og veifuðu til barnanna inn um glugga. Við fengum enga viðvörðun áður en þetta gerðist þannig að við gátum því miður ekki undirbúið börnin en við erum búin að búa þau undir það núna að svona verði ástandið næstu vikurnar og mánuði. Það er bara eitthvað sem við þurfum að lifa með. En ég vona að ég verði sá síðasti sem lendir í þessu.“

Hefurðu skilning á reiðinni?

„Ég hef skilning á því að fólk sé reitt. Ég held að allir Íslendingar hafi fundið fyrir því. Það er auðvitað okkar verkefni að skoða það sem miður fór, sjá til þess að þeir sem bera ábyrgð axli hana en síðan verðum við að vinna okkur út úr þessu. Og við erum ekki að því.“

Ég hef lagt til að við skoðum sérstaklega hvernig farið hefur verið með skuldara og skuldug fyrirtæki frá hrúni. Við verðum að upplýsa um afskriftir því það verður aldrei sátt um þessar miklu afskriftir sem verður að fara í fyrr en allir verða meðvitaðir um hverjir hljóti þær og á hvaða forsendum það er. Auðvitað þurfum við sömuleiðis að skoða Icesave-málið og það á setja þetta tvennt í farveg eins og rannsóknina á bankahruninu þannig að við fáum upplýsingarnar á borðið og getum tekið afstöðu til þeirra.

Á sama hátt er lífsnáuðsynlegt fyrir þessa þjóð að horfa fram á veginn og fara að taka á þeim verkefnum sem fram undan eru. Við þurfum að endurskipuleggja þá þjónustu sem við erum með og viljum halda – ég segi ekki alveg frá grunni – en hins vegar þurfum við að forgangsraða þar og skipuleggja upp á nýtt.“

En heldurðu að endurreisnin muni takast ef hluti þjóðarinnar vantroystir svona ofboðslega hluta kjörinna fulltrúa eins og hefur sýnt sig?

„Mér sýnir nú að það sé almennt vantraust í þjóðfélaginu sem eitt og sér er afar alvarlegt mál. Það er verkefni okkar í stjórnmálum að vinna að okkar hugsjónum og standa á okkar sannfæringu. Síðan þurfum við að fara fyrir dóm kjósenda og ég mun gera það glaður og fagna því.“



STIGUR HELGASON
stigur@frettabladid.is

Einstakt tækifæri!

Ótrúlegt verð!

SÓLAR sprettur í sólarhring!

Valdar dagsetningar í sumar

Vertu í viðbragðsstöðu því sólarsprettur Plúsferða hefst í dag kl. 12:00! Misstu ekki af þessu einstaka tækifæri því þú hefur aðeins 24 klst til að bóka sólarlandaferðina þína á einstöku verði!

Verðdæmi á mann:

Portúgal

Brottfarir: 10., 17. og 24. júní

Verð á mann:
69.900 kr

Flug og gisting í 7 daga
m.v. 5 fullorðna og 1 barn *

Tenerife

Brottfarir: 6. 13. og 20. júní.

Verð á mann:
79.900 kr

Flug og gisting í 7 daga
m.v. 2 fullorðna og 1 barn *

* innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting og íslensk fararstjórn.

**TILBOÐIN GILDA AÐEINS Í 24 KLST
FRÁ HÁDEGI MÁN. 3. MAÍ!**

Skráðu þig í netklúbb Plúsferða og vertu fyrstur til að fá bestu tilboðin!
Alltaf ódýrasta verðið á netinu.



plús
FERÐIR

www.plusferdir.is



PLÚSFERÐIR - Sími 535 2100 - info@plusferdir.is



VÖRUFRAMBOÐ Á HÖFÐI Þessi sölu-
maður í Jaffna á Srí Lanka flutti vörur
sínar á höfðinu. NORDICPHOTOS/AFP

Þorbjörg Elín Friðriksdóttir safnar fyrir ytri öndunarvél:

Aðeins ein öndunarvél til staðar

SÖFNUN Þorbjörg Elín Friðhólms Friðriksdóttir, sem er búsett í Sandgerði, hefur sett af stað söfnun fyrir ytri öndunarvél handa Heilbrigðisstofnun Suðurnesja en hún þarf að styðjast við slíka vél í baráttu sinni við langvinna lungnaþembu. Aðeins ein ytri öndunarvél er til á stofnuninni en hún þarf á tveimur til þremur að halda til að koma til móts við sjúklinga á svæðinu.

„Ég er bundin við vélina allar nætur og hef þurft að sofa á sjúkrahúsínu síðastliðna sjö mánuði. Það hefur einu sinni komið fyrir að annar sjúklingur hafi þurft á vél-

inni að halda og þá þurfti að kalla eftir aukavél úr Reykjavík. Í kjölfarið ákvað ég að hrinda af stað söfnun og sendi bréf til verkalyðsfélaganna, kvenfélaganna og bæjarfélaganna á Suðurnesjum auk þess sem Sjálfsbjörg – landsamband fatlaðra, gaf stóra upphæð,“ segir Þorbjörg.

Þegar hefur tekist að safna tæplega 1,5 milljónum króna. Vélina kostar um 2,5 milljónir og geta áhugasamir lagt söfnuninni lið með því að leggja inn á eftirfarandi reikning: 542-14-401515, kennitala 061051-4579. - ve



MEÐ VELUNNURUM SÍNUM Þorbjörg er tengd við ytri öndunarvél allar nætur en aðeins ein slík vél er til á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja.

Morðingi með barnsandlit: Jarðaður í gullhúðaðri kistu

ÁSTRALÍA Einn frægasti glæpamaður Ástralíu, Carl Williams, var barinn í hel af samfanga sínum fyrir skömmu.

Williams var gjarnan nefndur „morðinginn með barnsandlit“ og höfðu sjónvarpsþættir sem byggðu á ævi hans slegið í gegn í Ástralíu. Jarðarfor Williams fór fram um helgina og um hundrað manns var viðstatt þegar glæpamaðurinn var lagður til hinstu hvílu í gullhúðaðri kistu sem kostaði um fjórar milljónir króna. - sm

Barnaverndarnefnd Vestfjarða: Þrjátíu og tvær tilkynningar

FÉLAGSMÁL Þrjátíu og tvær tilkynningar bárust barnaverndarnefnd á norðanverðum Vestfjörðum, nítján í febrúar og þrettán í mars. Vefurinn Bæjarins besta greinir frá.

Þar kom einnig fram að barnaverndarnefndir á Vestfjörðum hafi ekki skilað inn endanlegum upplýsingum fyrir síðasta ár. Skili nefndirnar ekki gögnum fyrir 1. júní muni þær fá áminningu frá Barnaverndarstofnu. Þá var lagt fram bréf frá Velferðarvaktinni sem ætlað er að fylgjast með félagslegum jafnt sem fjárhagslegum afleiðingum efnahagsástandsins fyrir fjölskyldur og einstaklinga í landinu.

Slasaðist á Vatnajökli: Fékk ísöxi í fótinn í fjallgöngu

SLYS Kona slasaðist illa á fæti á Miðfellstindi á Vatnajökli síðdegis á laugardag og voru björgunarsveitir á Austurlandi kallaðar út.

Þyrla Landhelgisgæslunnar var einnig kölluð til og fór hún með undanfara björgunarsveita af höfuðborgarsvæðinu austur. Þyrlan lenti rétt eftir klukkan 18 á slystað og flutti konuna á sjúkrahús í Reykjavík, en hún mun hafa fengið ísöxi í fótinn. - ve

LÖGREGLUMÁL

Ungur síbrotamaður tekinn

Ungur síbrotamaður var handtekinn í Reykjanesbæ á laugardag eftir að hafa bæði brotist inn í bíla og hús. Pilturinn, sem er um tvítugt, virðist hafa stolið öllu sem á vegi hans varð en lögreglan lagði meðal annars hald á tertuhníf sem hann hafði tekið af einu heimilinu.

Þriðjungur landsmanna þekkir til tryggingasvika

Fleiri telja fjárdrátt alvarlegra brot en skatt- og tryggingasvik, samkvæmt niðurstöðum könnunar Capacent Gallup. Ætla má að bótagreiðslur vegna váttryggingasvika nemi allt upp undir 4,5 milljörðum króna á ári.

NEYTENDUR Fleiri vita nú um váttryggingasvik þar sem viðkomandi fékk bætur sem hann átti ekki rétt á en í fyrra. Tryggingasvik og skattsvik telur fólk almennt léttvægari en önnur svik. Flestir telja fjárdrátt alvarlegasta brotið.

Þetta er á meðal þess sem fram kemur í niðurstöðum könnunar sem Capacent Gallup gerði fyrir Samtök fjármálafyrirtækja í síðasta mánuði. Í könnuninni kemur fram að 30,3 prósent þátttakenda hafi vitneskju um tryggingasvik. Í sambærilegri könnun Capacent Gallup frá í fyrra vissu 24,7 prósent þátttakenda um einhvern sem fékk bætur sem hann átti ekki rétt á. Könnunin í fyrra var sú fyrsta sinnar tegundar sem gerð var hér á landi.

„Það má ekki gleyma því að þegar upp er staðið lendir kostnaður við váttryggingasvik á heiðarlegum viðskiptavinum tryggingafélaganna, þeim sem greiða iðgjöldin.“

DAÐI SVERRISSON
HAGFRÆÐINGUR HJÁ
SAMTÖKUM FJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA

Í niðurstöðum könnunarinnar í fyrra voru 87 prósent þátttakenda sammála því að váttryggingasvik eru alvarlegt brot. Í ár eru tæplega 96 prósent sammála því.

Skýr tengsl eru á milli aldurs og viðhorfs og vitneskju um váttryggingasvik. Nær helmingur þátttak-



DAÐI SVERRISSON Kostnaður við bótagreiðslu vegna tryggingasvika lendir á heiðarlegum viðskiptavinum tryggingafélaganna, segir hagfræðingur Samtaka fjármálafyrirtækja. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

enda á aldrinum 16 til 24 ára þekkir til váttryggingasvika. Eftir því sem ofar dregur í aldri fækkar þeim sem þekkja til slíks auk þess sem fleiri telja svikin alvarleg.

Daði Sværissón, hagfræðingur hjá Samtökum fjármálafyrirtækja, segir niðurstöðurnar ekki koma á óvart. Bæði viðhorf og afstaða þátttakenda í könnuninni séu sambærileg við það sem sjáist í nágrannalöndunum.

Hann bendir á að könnun sem þessi sé gerð reglulega í nágrannaríkjunum. Líklegt sé að næstu skref felist í fræðslu og forvörn-um. Árið 2008 námu bótagreiðslur

váttryggingafélaga þrjátíu milljörðum króna. Daði bendir á að miðað við áætlaða tíðni váttryggingasvika í nágrannaríkjunum megi áætla að tíu til fimmtán prósent bótagreiðslna séu vegna tryggingasvika.

Miðað við það nemi váttryggingasvik hér þremur til 4,5 milljörðum króna á ári hverju.

Daði segir um háar upphæðir að ræða. „Það má ekki gleyma því að þegar upp er staðið lendir kostnaður við váttryggingasvik á heiðarlegum viðskiptavinum tryggingafélaganna, þeim sem greiða iðgjöldin.“ jonab@frettabladid.is

Um könnunina

Capacent Gallup framkvæmdi könnunina 10.-18. mars síðastliðinn til að meta viðhorf íslensks almennings á aldrinum 16-75 ára til váttryggingasvika.

Þátttakendur voru spurðir fjórtán spurninga þar sem spurt var um vitneskju viðkomandi um váttryggingasvik annarra, almenn viðhorf til váttryggingasvika og annarra fjársvika.



Sruli Recht
hönnuður



Margrét S. Valgarðsdóttir
nemi í fatahönnun

Oddi fyrir þig, þegar hentar, eins og þér hentar.

Prentun frá A til Ö.



50 kassar utan um augnakonfekt.



500 bæklingar með nýju sniði.



Sjóræningjar leggja á flóttu:

Vilja koma á lögum og reglu

SÓMALÍA Sómalskir uppreisnarmenn tóku yfir bæinn Haradhere sem er á suðurströnd Sómaliú. Sómalskir sjóræningjar hafa haft aðsetur í bænum en þeir lögðu á flóttu undan uppreisnarmönnum sem hyggjast koma á lögum og reglu í bænum. Eins konar lögleysa hefur ríkt í Sómaliú síðastliðin tuttugu ár.

Erlendir fréttamiðlar höfðu eftir einum sjóræningjanna að uppreisnarhópurinn hafi komið til Haradhere og heimtað hlut í ránsfeng sjóræningjanna. -sm

Bandarískur lögfræðingur segir stjórnendur Goldman Sachs fara næsta örugglega í fangelsi:

Hrunið skrifast líka á stjórnmalamenn

EFNAHAGSMÁL „Þeir sem brutu af sér hjá Goldman Sachs fara næsta örugglega í fangelsi. Það er spurning hvað verður um hina, sem komu úr bankanum, fengu störf hjá ríkinu og höfðu hugsanlega vitneskju um stöðu mála.“

Þetta segir svissnesk-bandaríski lögfræðingurinn dr. Daniel Levin. Hann var með fyrirlestur fyrir skömmu á vegum Samtaka fjárfesta og viðskiptadeildar Háskóla Íslands. Þar fjallaði hann um góða stjórnarhætti, kreppuna og bankahrunið.

Levin hefur starfað sem ráðgjafi



DANIEL LEVIN

festingarbankans Goldman Sachs. Svikin felast í því að bankinn fékk viðskiptavinina sína til að fjárfesta í

ríkisstjórna víða um heim síðustu ár. Hann á sæti í nefnd á vegum bandaríska þingsins sem vinnur með fjármálaeftirlitinu þar í landi að rannsókn á milljarðasvikum bandaríska fjárfestingarbankans Goldman Sachs.

skuldabréfavafningum sem í voru verðlital undirmáslán frá bandaríska vogunarsjóðnum Paulson & Co árið 2007. Eftir að viðskiptavinir Goldman Sachs keyptu vafninginn veðjaði vogunarsjóðurinn á að vafningurinn myndi lækka í verði. Bæði bankinn og vogunarsjóðurinn högnuðust um milljarða dali á kostnað viðskiptavina bankans.

Levin segir stjórnendur Goldman Sachs, bæði núverandi og fyrrverandi, bera mikla ábyrgð á fjársvikamálinu. Á meðal þeirra sem störfuðu hjá bankanum eru

Robert Rubin, fjármálaráðherra í stjórnartíð Bills Clinton, og Henry Paulson, sem fór úr bankanum til að taka við stóli fjármálaráðherra í ríkisstjórn George W. Bush.

Levin segir ábyrgð stjórnmalamanna mikla, enda hafi margir þeirra átt að vita hvert stefndi fyrir bankahrunið. Sumir hafi jafnvel vitað af því. „Það er sömuleiðis spurning um ábyrgð íslenskra stjórnmalamanna, svo sem Geirs Haarde og fleiri sem sátu í ríkisstjórn þá,“ segir Levin.

jonab@frettabladid.is



BÝFLUGUR Um 20 þúsund flugur voru búnar að hreiðra um sig í þvotti konunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Áströlsk kona í vanda:

Heilt býflugnabú á þvottinum

DÝRALÍF Áströlsk kona þurfti að kalla eftir aðstoð fagmanns við að taka inn þvott af snúru. Heilt býflugnabú hafði komið sér fyrir á litríkum buxum og einu sokkari sem hingu til þerris á snúrunni.

Býflugnabóndi nokkur kom konunni til bjargar og taldi hann að um 20 þúsund flugur hefðu hreiðrað um sig á þvottinum. Býflugur eiga það til að yfirgefa bú sín vegna plássleysis. Drottningin og þernur hennar koma sér fyrir á hentugum stað á meðan vinnuflugur byggja nýtt bú í grenndinni. -sm

Stærsti hestur heims:

Hestur sem vegur tonn

BANDARÍKIN Stærsti núlifandi hestur heims er hinn tveggja metra hái Stóri-Jake. Hesturinn er nú vetra gamall og vegur rúmt tonn.

Eigandi Stóra-Jake segir hann vera ljúfan sem lamb og hefur hann meðal annars aðstoðað við að safna fé til styrktar langveikum börnum og fjölskyldum þeirra, en Stóri-Jake ferðast um Bandaríkin og tekur þátt í hestásýningum.

Stóri-Jake er heilum átta sentimetrum hærra en fyrrum handhafi titilsins.

Eigandi hestsins segir fólk verða hvúmsa þegar það sér hestinn þar sem hann þyki óeðlilega stórvaxinn. -sm

LÖGREGLA

Gaskútur sprakk

Gaskútur sprakk á svölum íbúðarhúss í Fossvoginum seinni hluta gærdags. Að sögn lögreglu sakaði engan og vel gekk að slökkva eldinn.

Harður árekstur í Hlíðunum

Harður árekstur varð við Suðurhlíð um kvöldmatarleytið í gær þar sem bifhjól og bíll skullu saman. Ökumaður bifhjólsins slasaðist nokkuð en meiðslin voru ekki talin alvarleg.

Vinum saman í Reykjavík

Þú getur haft áhrif á hverfið þitt



Hverfafundir borgarstjóra með íbúum Reykjavíkur

- Árbær – Árbæjarskóli – 5. maí kl. 20.00
- Miðborg – Miðbæjarskóli – 8. maí kl. 15.00
- Grafarholt – Ingunnarskóli – 10. maí kl. 17.00
- Grafarvogur – Víkurskóli – 10. maí kl. 20.00
- Háaleiti – Félagsmiðstöðin Hvassaleiti 56–58 – 11. maí kl. 17.00
- Vesturbær – Hagaskóli – 11. maí kl. 20.00
- Breiðholt – Ölduselsskóli – 17. maí kl. 17.00
- Kjalarnes – Klébergsskóli – 17. maí kl. 20.00
- Laugardalur – Laugalækjarskóli – 19. maí kl. 20.00

Nánari upplýsingar á www.xd.is/reykjavik



Hanna Birna Kristjánsdóttir
Borgarstjóri

Er ofbeldi, skemmdarverk og yfirgangur rétta leiðin til að tjá skoðanir sínar?

Samfélagsbreyting

Til átaka kom í Héraðsdómi Reykjavíkur fyrir helgi þegar tekið var fyrir mál nýu manna sem eru ákærðir fyrir atlögu að Alþingi í fyrra. Lögreglan fjarlægði úr dómsal tvo áheyrendur sem vildu ekki hlýða skipun dómara um að yfirgefa salinn þar sem ekki voru til sæti handa þeim.

Ragnar Aðalsteinsson, verjandi tveggja af sakborningunum, hefur gagnrýnt þetta harðlega og hefur mikið til síns máls. Dómariinn virðist hafa brugðist býsna hart við – vandséð er hvað er að því að fólk standi í réttarsal ef allt fer friðsamlega fram. Sömuleiðis er fátítt hér á landi að lögreglan vakti áheyrendur í réttarsal. Yfirleitt hefur ekki þurft að grípa til slíkra ráða.

SKOÐUN

Ólafur P. Stephensen
olafur@frettabladid.is



Í viðtali við mbl.is sagði Ragnar Aðalsteinsson um þessa uppákomu: „Þetta er algjörlega nýtt. Samfélagið breytist ótrúlega ört úr þessu litla friðsama samfélagi í þetta óhugnanlega hörkulega samfélag, þar sem ofbeldið á að ráða öllu.“

Þetta er líka rétt hjá lögmáttinum. Í íslensku samfélagi hefur á undanförunum árum orðið breyting til hins verra, þar sem sumir hafa ekki talið nógu áhrifaríkt að tjá skoðanir sínar með hefðbundnum, friðsamlegum hætti og viljað grípa til róttækari ráða. Þessi breyting er ekki dómstólunum eða lögreglunni að kenna, heldur fólki sem virðist ekki telja málstað sinn nógu sannfærandi til að friðsamlegur málflutningur dugi einn og sér.

Fyrir fimm árum byrjaði hópur, sem kallaði sig Saving Iceland, að segja skoðanir sínar á virkjanamálum með því að trufla starfsemi fyrirtækja, skemma búnað þeirra, trufla fundi og sletta skyri á fólk. Síðar meir færðu virkjanaandstæðingar sig upp á skaftið með árásum á heimili forsvarsmanna stóriðju- og orkufyrirtækja, þar sem í einhverjum tilvikum munaði litlu að slys yrðu á fólki.

Snemma árs 2008 reyndi fólk, sem var óánægt með nýjan meirihluta í borgarstjórn Reykjavíkur, að stöðva borgarstjórnarfund með ólátum. Nokkrum mánuðum síðar vildu vörubílstjórar koma skoðun á framfæri með því að loka helztu umferðaræðum út úr Reykjavík. Þannig öllu þeir bæði umferðartöfum og slyshættu. Svo réðust þeir á lögreglumennina, sem reyndu að opna vegina.

Í búshaldabyltingunni, þar sem mótmæli fóru að stærstum hluta friðsamlega fram, misnotaði lítill hópur rétt sinn til að mótmæla og réðst með ofbeldi að lögreglumönnum. Hópur fólks reyndi að trufla störf Alþingis með látum og slasaði fólk, sem gegndi þeirri skyldu sinni að koma í veg fyrir það. Hluti þessa hóps sætir nú ákæru.

Undanfarin misseri hafa komið upp ítrekuð tilfelli, þar sem fólk sem þykist vilja koma skoðun sinni á framfæri virðir ekki friðhelgi einkalífsins og stendur fyrir mótmælaaðgerðum við heimili fólks.

Það er frekar fámennur söfnuður sem að ofangreindu stendur. Að einhverju leyti skarast hóparnir eða tengjast, sem þannig telja ekki duga að vinna málstað sínum fylgi með rökum. Þeir hafa vissulega breytt samfélagi okkar til hins verra.

Ragnar Aðalsteinsson hefur rétt fyrir sér; slík breyting getur orðið undraskjótt. Vonandi hvetur hann skjólstæðinga sína, skoðanasystkin þeirra og stuðningsmenn til að líta í eigin barm.

FRÉTTABLAÐIÐ


ÚTGÁFUFLÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMADUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUFLÉLAGSSTJÓRI: Ari Ewald RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871



FLORA ISLANDICA

ÁTT ÞÚ FEGURSTU BÓK HEIMS?

Nú eru örfá eintök eftir af þessum margverðlaunaða safngrip



Barónsstíg 27 | 511 0910 | crymogea@crymogea.is | www.crymogea.is

FRÁ DEGI TIL DAGS

Allt annað þjóðfélag

Steinunn Valdís Óskarsdóttir, alþingismaður og sagnfræðingur, varaði í viðtali við Fréttablaðið á laugardag við því að skoða árin 2004 til 2006 með gleraugum ársins 2010; á þeim árum hafi markaðurinn ráðið öllu og stjórnmalaflokkarnir, menningarstofnanir og jafnvel háskólasamfélagið, undirgengið þá hugmyndafræði.



Er það svo?

Styrkjavæðingin var vissulega mikil á þessum tíma en það er engum blöðum um það að fletta að margir guldur varhug við henni, ekki síst styrkja til stjórnmalanna. Hefði Steinunn Valdís upplýst það árið 2006 að hún hefði þegið 12,7 milljónir króna í styrki frá hinum og þessum fyrirtækjum, hefði það sannarlega vakið margar spurningar og orðið stórt fréttamál, ekki síður þá en nú.



Að eiga fyrir kvöldmat

Jón Ásgeir Jóhannesson skrifaði grein á Pressuna fyrir helgi, þar sem hann segir Óskar Magnússon, útgefanda Morgunblaðsins, hafa fengið 40 prósentu afslátt af matvöru í Hagkaup í fimm ár eftir að hann hætti sem forstjóri fyrirtækisins árið 2000. Óskar hefur samkvæmt því fengið afslátt hjá Hagkaup til ársins 2005. Hvort það tengist því skal ósagt látið en ári síðar gaf Óskar út bókina *Borðaði ég kvöldmat í gær?*

bergsteinn@frettabladid.is

HALLDÓR



Spilling lífeyrissjóðanna?

Lífeyrissjóðir



Guðmundur Franklín Jónsson
viðskiptafræðingur.

Mikið hefur verið talað um ábyrgð íslenskra lífeyrissjóða á hruninu. Í stjórnnum sjóðanna eru menn sem borga sjálfum sér tugi milljóna í árslaun og aðra bitlinga og hafa fulltrúa í stjórnnum fyrirtækja, banka, stofnana og eiga sterk ítök í íslensku viðskiptalífi. Stjórnarseta í lífeyrissjóði hefur tryggt þröngum hóp bæði völd og hlunnindi. Haldið er fram að virði eigna lífeyrissjóðanna séu komin í það sama og fyrir hrun. Hér varð stærsta gengisfelling íslenskrar hagsögu.

Ef einhverjir hefðu átt að sjá hrunið fyrir, þá eru það lífeyrissjóðsforkólfarnir, höfundar íslensks krosseignarhalds. Fólkið í landinu á lífeyrissjóðina og það er löngu kominn tími á uppstokkun í lífeyrissjóðakerfinu og lúsahreinsun þarf að fara fram.

Í dag er það almennt viðurkennt að það var ekki heil brú í verðmati á íslenskum fyrirtækjum á markaði og fjárfestingum lífeyrissjóðanna. Oftan en ekki var það reglan að eftir að óefnislegar eignir, „goodwill“, voru dregnar frá heildareignum var niðurstaðan neikvætt eigið fé. Flest öll þessara fyrirtækja eru farin af markaði. Eitt fyrirtæki sem er enn í sérstöku upphaldi hjá íslenskum lífeyrissjóðum, stöð-

tækjafyrirtækið Össur er t.d. með neikvætt eigið fé eftir frádrátt óefnislegra eigna og yfir 80 prósent félagsins eru á höndum fárra aðila. Össur hefur hækkað um meira en helming frá hruninu. eru það lífeyrissjóðirnir sem hafa haldið uppi verðinu, s.s. markaðsmisnotkun?

Lífeyrissjóðirnir hafa lítið breyst, þeim er stjórnað af sömu einstaklingunum. Það er ljóst að fara verður fram önnur opinber rannsókn á starfsháttum lífeyrissjóðanna. Sérstaklega eftir „kattaræðu“ forsætisráðherra þar sem hún gaf til kynna að fleiri opinberar rannsóknir gætu verið í farvatninu, hún sagði m.a.: „Það verður forvitnilegt að sjá hvernig þessu verða gerð skil í rannsóknarskýrslunni, en ég hef þegar ákveðið að verði þau ekki ítarleg mun ég beita mér fyrir setningu laga um sérstaka rannsókn á einkavæðingunni (bankanna).“ Ef aðkoma lífeyrissjóðanna og verkalýðshreyfingarinnar að hruninu verður ekki rannsökuð, komumst við aldrei að sannri niðurstöðu hvað olli hruninu.

Hvað þurfa íbúar þessa lands að þola miklar skerðingar í viðbót á lífeyri sínum á meðan spillingin í stjórnun og stjórnnum lífeyrissjóða grasserar. eru tvær þjóðir í þessu landi?

Fasisminn í hlaðinu

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson
ríthöfundur.



Hrunið hefur svipt fólk vinnunni. Það hefur lagt drápsklyfjar á fólk sem þarf nú að þræla myrkranna á milli til að gjalda bönkum og fjármögnunarfyrirtækjum það sem þeirra er svo sannarlega ekki. Það hefur eitrad andrúmsloftið í þjóðfélaginu og rústað sjálfsmýnd þjóðarinnar. Það hefur gert nafn íslensku þjóðarinnar að samheiti víða um lönd yfir græðgi, grobb, últra-frjálshyggju og óheidarlega viðskiptahætti.

Ög samt... Þegar maður blaðar í Skýrslunni sér maður að Hrunið var ekki bara algerlega óhjákvæmilegt heldur líka nauðsynlegt.

Að byggja stéttskipt þjóðfélag

Með ískyggilegum hraða stefndi hér á landi í andstyggilegt þjóðfélag. Markvisst var unnið

að því að koma á rammari stéttskiptingu en hér hafði sést síðan á fyrri hluta 20. aldar. Fólkíð sem safnaði auði þurfti að finna að það væri yfir aðra hafið og því rauk verðið upp á sumum húsum í sumum götum – og allra fínast þótti að kaupa nokkur og rífa þau. Þrýstingurinn jókst að einkavæða heilbrigðiskerfið – „af hverju ættum við ekki að geta keypt okkur fram fyrir aðra í röðinni?“ – og menntakerfið – „af hverju ættum við ekki að geta keypt það besta handa börnunum okkar?“ Þjóðfélagið gliðnaði hratt. Það er mikið ánægjuefni að þessi þróun skyldi stöðvast.

Við erum ekki öll samsek. Ekki voru allir með – fjarri fer því. En ákveðin hugmyndafræði var ríkjandi. Og sú hugmyndafræði á sumt skylt við fasisma. Dæmi: Árið 2008 kom út á vegum Forsætisráðherra skýrsla um störf nefndar undir stjórn Svöfu Grönfeldt sem skyldi finna „ímynd“ Íslendinga; hvað þjóðinni bæri að halda á lofti gagnvart öðrum þjóðum af meintum einkennum sínum; hvernig Íslendingar ættu að markaðssetja sig í heiminum. Íslenska þjóðin var gerð að vöru. Farin var sú leið að búa til „rýni-

hópa“, þeir spurðir hvaða ímynd þeir gerðu sér af íslenskri þjóð.

Gangandi Hekklur og Geysirar

Það sem er athyglisverðast við þetta er flóttinn frá sannleikanum. Vandlega var forðast að leita til sagnfræðinga eða annarra fræðimanna sem fást við veruleikann. Leitað var klisjunnar, með aðferðum sem helst má lýsa sem sambræðslu félagsvísinda, markaðsfræða og sjálfstyrkingar-námskeiða.

„Frelsisþrá“ og „athafnagleði“ eru sérstaklega tilgreind sem einkenni frá landnámsstíð, „aðlögunarhæfni“ og „brautseigja“ og gildir þá einu að ekki þarf lengi lesa um Íslendinga 18. og 19. aldar til að sjá að þeir þóttu upp til hópa latir, þröngsýnir, dáðlausir og íhaldssamir. Hin meintu einkenni eru svo sögð endurspeglast í „mikilli sköpunargleði, óbilandi bjartsýni og trú á getu úrræðagóðra Íslendinga til að framkvæma hið ógerlega...“

Síðan segir: „Íslendingar af báðum kynjum, á öllum aldri og úr ólíkum starfstéttum voru almennt sammála um að kraftur og frelsi einkenndu jafnt fólk, atvinnulíf, menningu sem og náttúru þessa

lands.“ Í framhaldinu er því slegið föstu að „náttúrulegur kraftur“ einkenni Íslendinga, og það sýnt með „ímyndarkorti“ sem er í laginu eins og eldfjall.

Bein yfirfærsla á sér stað úr náttúrunni og í mannfólki. Í skýrslunni er þannig látið að því liggja að Íslendingar séu nokkurs konar gangandi Hekklur og Geysirar og Bjarnarflög; náttúrubörn í þeim skilningi að óhemjuskapur og agaleysi sé birtingarmynd náttúruafllanna innra með fólk, sem því sé á einhvern máta áskapaður, „til að lifa af í harðbýlu landi“. Íslendingar séu óbeisluð orka, náttúruval, eins og segir:

„Kraftur og fjölbreytt fegurð íslenskrar náttúru endurspeglast í menningarlífi þjóðarinnar og skapar henni sérstöðu. Kraftmikil atvinnusköpun, tjáningar-

frelsi, öryggi og frelsi til athafna einkennir stjórnkerfið, atvinnuhættina og samfélagið. Óbeisluð náttúruöflin eiga sér líka hliðstæðu í agaleysi og oft og tíðum djarfri og óútreiknanlegri hegðun Íslendinga. En þessa eiginleika ber ekki að hræðast því þeir hafa gegnt veigamiklu hlutverki í lífsbaráttu þjóðarinnar. Þeim ber [svo] fagna og þá ber að nýta.“

Þetta er hugmyndafræðileg réttlætning á yfirgangi og ofstopa, óraunsæi, agaleysi – öllu því sem leiddi ósköpin yfir landsmenn. Þessi hugmyndafræði er hálf-fasísk. Frumstæð eðlishyggja, hugmyndir um áskapaða yfirburði, hvatning til að fara fram af „agaleysi“ og með „djarfri og óútreiknanlegri hegðun“ – áhugaleysi um sannleika, ást á klisjunni. Við hljótum að anda léttar yfir því að þessi vitleysa hélt ekki áfram.

Ríkisstjórnin í gildru LÍÚ

Sjávarútvegsmál

Grétar Mar Jónsson
fyrirverandi
alþingismaður.



Ríkisstjórn Íslands er að ganga Rí gildru LÍÚ varðandi veiðiráðgjöf í þorski og öðrum tegundum. LÍÚ er með meirihluta í stjórn Hafró, þeir eiga þar þrjá fulltrúa af fimm og hafa alltaf ráðið því sem þeir hafa viljað ráða hjá stofnuninni.

LÍÚ hefur ávallt lagt blessun sína yfir togararallið, þótt það sé almennt talið illa til þess fallið að mæla stærð fiskistofna.

Togararallið í ár er eins og pantað fyrir LÍÚ, sem vill ekki láta auka aflheimildir í þorski af ótta við að það yrði gert með sama og með skötuselskvótann; að ríkið úthluti ekki til LÍÚ-

manna heldur leigi aukakvótann beint út. Skipstjórnarmenn um allt land eru sammála um það að það sé óhætt að veiða meira af þorski en nú er gert. Margir telja að aukning um 100-150 þúsund tonn myndi ekki skaða stofninn. Samkvæmt gögnum Hafró væri þorskstofninn enn að stækka, þó svo að til kæmi 50.000 tonna aukning í veiðum.

Það þarf að endurskoða öll vinnubrögð Hafró. Það þarf að fá erlenda fiskifræðinga, sem hafa rannsakað fiskgengd í Barentshafi, til að gera úttekt á Íslandsmiðum með sömu aðferðafræði og notuð er þar. Í Barentshafi hefur verið veitt umfram tillögur vísindamanna í áratugi, án þess að það hafi haft áhrif á stofnstærð, nema ef síður væri.

Það hefur alltaf vakið furðu mína síðan það var staðfest að það eru margir þorskstofnar á Íslandsmiðum að menn skuli

treysta sér út frá vísindalegum forsendum að úthluta einni heildartölu í alla þessa stofna. Segir það mér margt um vinnubrögð Hafró. Það er líka með ólíkindum að svokallaðir vísindamenn skuli úthluta kvóta í tonnum án tillits til meðalþyngdar á veiddum fiski.

Það þarf að innleiða nýja hugsun og ný vinnubrögð hjá Hafró. Vinnubrögð Hafró geta vart talist vera vísindaleg, heldur virðast þau til þess fallin að þjóna sérhagsmunum frekar en heildarhagsmunum þjóðarinnar.

Það er full ástæða til þess að stofna rannsóknarnefnd til að fara yfir vinnubrögð Hafró og tengsl stofnunarinnar við LÍÚ. Almennir verður að geta treyst því að stofnanir ríkisins séu ekki undir valdi sérhagsmunahópa sem hafa það eitt að markmiði að tryggja eigin hagsmuni á kostnað heildarhagsmuna.



Pantaðu í síma
565 6000
eða á somi.is

VEISLUBAKKAR
FRÍ HEIMSENDING*

SÓMI

*Frí heimsending gildir aðeins ef pantaðir eru 4 eða fleiri bakkar.

Fjármagnstekjuskattur



■ 18% staðgreiðsla

Frá 1. janúar 2010 ber bönkum og öðrum fjármálastofnunum að reikna og halda eftir 18% staðgreiðslu af vaxtatekjum ársfjórðungslega. Sama gildir um arð sem greiddur er til eigenda af eignarhlutum í félögum.

■ Rafræn skil á fjármagnstekjuskatti

Nú er hægt að gera skil á fjármagnstekjuskatti á rafrænan hátt. Farið er á þjónustusíðu ríkisskattstjóra, skattur.is, með kennitölu og aðallykli eða skilalykli. Síðan er valið **vefskil > staðgreiðsla fjármagnstekjuskatts** og opnast þá form útfyllingar. Fylgja þarf leiðbeiningum til enda og verður þá til krafa í heimabanka gjaldanda.

Hafi ekki verið um að ræða neinar skattskyldar greiðslur arðs og vaxtatekna á tímabilinu skal gera grein fyrir því.

■ Gjald dagar

Fjármagnstekjuskattur er 18% frá 1. janúar 2010. Gjald dagar afdreginnar staðgreiðslu eru 20. apríl, 20. júlí og 20. október 2010 og 20. janúar 2011. Eindagi er 15 dögum síðar.

Gjald daga afdreginnar staðgreiðslu fjármagnstekjuskatts á fyrsta ársfjórðungi 2010 er 20. apríl en eindagi er 5. maí.

RSK RÍKISSKATTSTJÓRI

JAMES BROWN (1933-2006)
FÆDDIST ÞENNAN DAG.

„Boðskapur minn er:
„Hjálpaðu þér sjálfur, svo
þú getir hjálpað öðrum.“

James Joseph Brown var
bandarískur söngvari og
skemmtikraftur, oft kallaður
„faðir sálartónlistarinnar“.



ÞETTA GERÐIST: 3. MAÍ ÁRIÐ 1986

Ísland í fyrsta sinn í Eurovision

Á þessum degi árið 1986 tók Ísland í fyrsta skipti þátt í Eurovision með laginu Gleði-bankinn en það var söng-hópurinn ICY sem flutti lagið sem Magnús Eiríksson samdi. Lagið lenti í 16. sæti en mikil eftirvænting ríkti meðal Íslendinga sem bjuggust margir jafnvel við sigri lagsins.

Sama dag og Íslendingar kepptu birtu íslensk dagblöð greinar þar sem talað var um sigurlíkur lagsins og í DV var sagt að þær væru verulegar. Þannig birtist viðtal við einn af aðstandendum keppinnar í sama eintaki þar sem hann sagði frá parthaldi í Björgvin þar sem keppnin var haldin: „Við vorum í fiskiveislu



með nokkrum þátttakendum frá Suður-Evrópu og þeir höfðu mestar áhyggjur af því hvar við ætluðum að halda Eurovision-keppnina að ári ef við ynnum.“

Flytjendur lagsins voru Pálmi Gunnarsson, Helga Möller og Eiríkur Hauksson og Gunnar Þórðarson sá um útsætingu. „Það var meira

að segja blístrað er síðustu tónar stórhljómsveitarinnar, undir stjórn Gunnars Þórðarsonar, dóu út,“ skrifaði Eiríkur Jónsson, sem var staddur í Björgvin. Sigurvegarinn í keppninni varð hins vegar hin unga Sandra Kim frá Belgíu, sem söng lagið „J'aime la vie“.

MERKISATBURÐIR

- 1902 Hjúkrunarfélag Reykjavíkur er stofnað að frumkvæði Oddfellowreglunnar. Félagið fær fólk til starfa í heimahjúkrun.
- 1943 Fjórtað bandarískir hermenn farast er flugvél brotlendir á Fagradalsfjalli á Reykjanesi. Í för með hermönnum er Frank M. Andrews, æðsti yfirmaður heraflo Bandaríkjanna í Evrópu, og hann ferst líka.
- 1970 Álverið í Straumsvík er tekið í notkun. Framleiðsla á áli hafði hafist ári áður.
- 1998 Fyrsti áfangi Grafarvogslaugar er opnaður.

tímamót

timamot@frettabladid.is

Caput frumflytur íslensk tónverk

Caput-hópurinn heldur tónleika í Listasafni Íslands miðvikudaginn 5. maí klukkan 20.

Þrjú ný íslensk verk verða frumflutt á tónleikunum. Þar á meðal verða fluttir tveir nýir einleikskonserter, Allt hefur breyst, ekkert hefur breyst eftir Hauk Tómasson og Konsert fyrir kontrabassa og kammersveit eftir Snorra Sigfús Birgisson. Einleikarar eru Víkingur Heiðar Ólafsson píanóleikari

og Hávarður Tryggvason kontrabassaleikari.

Þá verður verkið Hríml eftir Önnu Þorvaldsdóttur frumflutt á tónleikunum, en Anna er talin ein af efni-legstu tónskáldum af yngri kynslóðinni. Þess má geta að Hríml verður flutt aftur í San Diego aðeins tveimur dögum eftir frumflutninginn hér á Íslandi. Stjórnandi á tónleikunum er Snorri Sigfús Birgisson. Nánari upplýsingar á www.caput.is.



90 ára afmæli

Í tilefni af 90 ára afmæli Baldurs Ingólfssonar, 6. maí nk., tekur hann á móti gestum í safnaðarheimili Neskirkju við Hagatorg, 107 Reykjavík, laugardaginn 8. maí nk. milli kl. 16 og 18. Vinir, vandamenn og aðrir samferðamenn eru hjartanlega velkomnir.



Ástkær eiginmaður minn og faðir,

Jón Eyjólfsson,
Dvalarheimilinu Höfða,
Akranesi,

lést á Dvalarheimilinu Höfða þriðjudaginn 27. apríl. Útför hans fer fram frá Akraneskirku þriðjudaginn 4. maí kl. 14.00. Þeim sem vildu minnast hans er bent á Dvalarheimili Höfða, Akranesi.

Svava Gunnarsdóttir
Gunnar Jónsson



Ástkær dóttir okkar, systir, barnabarn og frænka,

**Lena Margrét
Hinriksdóttir,**
Colchester, Englandi,

lést af slysförum sunnudaginn 25. apríl. Útför hennar fer fram frá Ytri-Njarðvíkurkirkju, fimmtudaginn 6. maí kl. 14.00.

Jóhanna Berglind Kristjánsdóttir
Hinrik Þór Valgeirsson
Guðný Rós Kahari
Valgeir Örn Hinriksson
Eggert Jóhannes Halldórsson
Sigríður Kristjana Halldórsdóttir
Magdalena Olsen
Guðný Helga Jóhannsdóttir
Ásmundur Örn Valgeirsson
Anna Egilsdóttir

Halldór Vagn Jónsson
Hildur Sveinbjörnsdóttir
Harry Kahari
Valgeir J. Þorláksson
Unnsteinn Egill
Kristinsson
Brynjar Már Lárússon



RÆÐULIÐ HAGASKÓLA Frá vinstri: Sólveig Lára Gautadóttir, Aldís Mjöll Geirsdóttir, Ásdís Kristjánsdóttir og Birna Ketilsdóttir.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

MÆLSKU- OG RÖKRÆÐUKEPPNIN MORGRON: HAGASKÓLI VANN

KOMINN TÍMI Á STELPURNAR

Úrslitarimma í Mælsku- og rökræðukeppni grunnskóla Reykjavíkur og nágrennis, MORGRON, fór fram þriðjudaginn 27. apríl. Lið Hagaskóla fór þar með sigur af hólmi, en liðið var eingöngu skipað stúlkum: Aldísi Mjöll Geirsdóttur, Ásdísi Kristjánsdóttur, Birnu Ketilsdóttur og Sólveigu Láru Gautadóttur. Þjálfari liðsins var Ólafur Kjarnar, nemandi í Menntaskólanum í Reykjavík.

„Þetta er búið að vera mjög skemmtilegt og margt sem maður hefur lært, ekki bara að halda ræður og koma fram heldur er keppnin góð æfing í rökhyggju þar sem maður þarf að kryfja allt til mergjar,“ segir Aldís Mjöll Geirsdóttir, sem varð stigahæsti ræðumaðurinn í

keppninni og því valin ræðumaður kvöldins. Alls voru ræðukeppnirnar sem Hagaskóli tók þátt í vetur þrjár en á lokakvöldinu kepptu Hagaskóli og Lindaskóli til úrslita.

„Upphaflega var haldið ræðunám-skeið sem stóð í eitt kvöld og svo var inntökupróf í ræðuliðið en við vorum 25 sem tókum þátt í því. Af þeim vorum við fjórar svo fengnar í liðið en tveir strákar af námskeiðinu, Arnar Sveinn Harðarson og Gunnar Birnir Ólafsson, komu líka nærri vinnu ræðuliðsins og hjálpuðu til við skrif og slíkt,“ segir Aldís Mjöll.

Birna Ketilsdóttir var líka í ræðuliðinu í fyrra en Ásdís, Aldís og Sólveig Lára voru að prófa ræðumennsku

í fyrsta skipti og segjast allar mæla með því að ungmenni prófi að skrá sig í námskeið í ræðumennsku. „Mörgum finnst mjög óhugnanleg tilhugsun að koma fram og tala fyrir framan hóp af fólki þannig að þetta er mjög góð aðferð til að yfirstíga slíka hræðslu,“ segir Birna og Sólveig Lára bætir við að hún sé ekki jafn fljót að mynda sér skoðun og hugleiðir frekar allar hliðar málsins. Þær segjast allar ætla að skrá sig í starf málfundafélaganna í menntaskóla en þær eru nemendur í 10. bekk. „Það er kominn tími á stelpurnar, strákarnir hafa oft verið svolítið áberandi í ræðumennskunni en við tókum bara við þessu núna,“ segir Aldís.

juliam@frettabladid.is



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Marheiður Viggósdóttir
frá Siglufirði, Hverfisgötu 47,
Hafnarfirði,

lést á hjúkrunarheimilinu Sólvangi í Hafnarfirði, sunnudaginn 25. apríl. Útför hennar fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju við Strandgötu, þriðjudaginn 4. maí kl. 15.00.

Ásdís Guðmundsdóttir
Bjarney Guðmundsdóttir
Guðlaug Guðmundsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Birgir Sigmundsson
Bjarni Guðjónsson
Jón Alfreðsson



Elskuleg móðir okkar og tengdamóðir,

Vilborg Guðjónsdóttir
frá Fremstuhúsum Dýrafirði,

sem andaðist laugardaginn 24. apríl, verður jarðsöngin frá Garðakirkju í Garðabæ þriðjudaginn 4. maí kl. 15.00.

Guðjón Torfi Guðmundsson
Stefanía Magnúsdóttir
Þorgeir Guðmundsson
Valgerður Guðmundsdóttir
Dýri Guðmundsson
Hildur Guðmundsdóttir

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.



GÖMUL VEGGTJÖLD öðlast nýtt líf í líki hesta og annarra dýra hjá Frederique Morrell í París. www.frederiquemorrel.com

ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar **Henny Árnadóttir** henny@365.is 512 5427 **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447

Tækifærisdagar
20%-30% afsláttur
af mörgum vörum
mánudag til föstudags

Traktorakönnurnar komnar

Fyrir bústaðinn og heimilið

Opið: má-fö. 12:30 - 18:00,
Dalvegi 16a, Rauðu múrsteinshúsunum
Kóp. 201 - S: 517 7727 - www.nora.is

Nóra



Valdís og krummi brosa blítt hvort til annars. Hann er þeirri náttúru gæddur að blaka vængjunum þegar togað er í spotta.

MYND HEIDALIS

GEZE

Rafdrifnar hurðarpumpur

Rafdrifnar hurðardætur á verði frá kr. 195.900.- með uppsetningu.

JÄRN&GLER Járn & Gler ehf. - Skútuvegur 1h, Barkarvogsmegin - 104 Reykjavík S: 58 58 900- www.jarngler.is

Gekkk með krummann í maganum í níu mánuði

Heimili Valdísar Viðarsdóttur, forstöðumanns Menningarmiðstöðvarinnar í Listagili, ber vott um smekkvísi og hugmyndaflug. Hún er hönnuður af Guðs náð og það nýjasta úr hennar smíðju er fljúgandi hrafn.

„Mig langaði svo að hanna hrafn sem blakaði vængjunum þegar togað væri í spotta og gekkk með hugmyndina í maganum í níu mánuði. Fyrstu fuglarnir urðu til nógu snemma til að komast í nokkra jólapakka,“ segir Valdís sem er algerlega hugfangin af því viðfangsefni núna að búa til íslenska hrafna þegar eitthvert svigrúm er í stundaskránni til þess.

Öll hornin á heimilinu eru upphaldshorn hjá Valdísi. „Mér þykir

vænt um allt sem er hér uppi við,“ segir hún og lítur í kringum sig. „Því get ég verið hvar sem er í íbúðinni og alltaf liðið vel.“

Valdís er með krummana í vinnuherberginu sem hún hefur nýlega komið sér upp. „Ég færði rúmið mitt héðan í herbergið sem dóttir mín hafði áður og áttaði mig ótrúlega seint á því hversu upplagt það var, því það eru fjögur ár síðan hún flutti út,“ segir hún. Áður kveðst hún alltaf hafa verið

á ferðinni með handverkið inn og út úr svefnherberginu því hún hafi ekki viljað sofa innan um það. „Oft var allt undirlagt í stofunni af því sem ég hafði æði fyrir þá stundina, og í hvert skipti sem einhver kom þurfti ég að taka það saman. Nú á hver hlutur sinn stað í vinnuherberginu og ég ríf þá fram þegar ég er að vinna við þá. Svo þegar dóttirin kemur heim með kærastann breytist fönðurherbergið í rúmgott gestaherbergi.“ gun@frettabladid.is

ALLT TISKA

Jóna María Hafsteinsdóttir
jmh@365.is - sími 512 5473

Henny Árnadóttir
henny@365.is - sími 512 5427

Þórdís Hermannsdóttir
thordish@365.is - sími 512 5447

Gleðilegt sumar!



**SAGA, ÞÓR
OG VALHÖLL**

Heilsudýnur
á frábæru verði.
Queen rúm með botni
frá kr. **99.900**

STILLANLEG RÚM



2x90 cm – Verð frá **349.900**

IQ-CARE

**HEILSUDÝNUR
OG
HEILSUKODDAR**

Queen rúm með botni
kr. **179.900**

Svefn & heilsa



www.svefn.is



VORIÐ ER KOMIÐ, trén farin að bruma og lóan syngur durrindí. Því er ekki úr vegi að gera vorhreingerningu og skipta jafnvel dökkum gluggatjöldum fyrir ljós.

Ann Wood er listamaður í Brooklyn. Hún vinnur með efni sem hún finnur hér og þar, meðal annars gamlar flíkur. Úr því býr hún til ýmislegt á borð við þessa flottu könguló.

www.nextdoormagic.com

Hraunið vekur forvitni

Snorri Guðmundsson stofnaði Hraunverksmiðjuna eftir að Hekla gaus árið 1991 og hefur hraunlist verið hluti af tilveru hans síðan. Hann segir útlendinga fyllast forvitni þegar þeir fá hraunmola í hendur.

Hraunlistamaðurinn Snorri Guðmundsson fór og skoðaði Heklu-gosið árið 1991. Hann varð þrumu lostinn og hefur verið hugfanginn af hrauni síðan. Hann stofnaði Hraunverksmiðjuna sama ár og framleiðir alls kyns minjagrip í hrauni. „Þetta hefur verið þáttur af tilveru minni síðan. Undanfarið hef ég unnið með Hekluhraun frá árinu 2000 en er þó þegar búinn að næla mér í nokkra mola úr gosinu á Fimmvörðuhálsi og sé það strax að hraunið þaðan er frábrugðið því sem hefur komið úr Heklu,“ segir Snorri og nefnir litlar gleragnir sem stirnir á.

Snorri brýtur niður hraunmola í litlar öskjur og segir útlendinga fyllast ferðabrá og forvitni þegar þeir fá hraunmola í hendur. „Þetta er eins og ef við fengjum krukku með Sahara-sandi, það vaknar eitthvað.“

Hraunmolarnir sem Snorri kallar Nature's work of art koma í litlum handmáluðum öskjum en í hverri öskju er náttúruverndaráminning frá Snorra. „Skilaboðin eru þau að eldvirkni er grundvöllur tilveru okkar en hún skapaði það andrúmsloft í árdaga sem tryggir líf á jörð. Við hugsum oft um eldfjöll sem eyðileggjandi afl sem getur haft neikvæð áhrif á fólk og veðurfar en eldfjöll og regnskógar eru í raun tveir andstæðir pólar sem gera líf á jörðinni mögulegt,“ segir Snorri en í áminningunni segir jafnframt að kaup á vörnunni tryggi gróðursetningu á tré við Hekluhraun.

Snorri leikur sér með hraunið á ýmsan veg og gerir lykklappur, hraunklukkan og mósaíkmýndir úr hrauni. „Möguleikarnir eru óþrjótandi og helst vildi ég sjá fólk framleiða þetta eins og lopapeysur.“ Snorri selur vörurnar í gegnum heimasíðuna internet.is/thelavafactory. „Ég hef komist



Snorri hefur þegar nælt sér í nokkra hraunmola úr gosinu á Fimmvörðuhálsi og segir það frábrugðið hrauninu úr Heklu.

að því að það er mjög erfitt að selja í gegnum minjagripavörslanir og finnst það auk þess alger láskúra að þær skuli selja innflutta íslenska minjagrip. Ég hef hins vegar boðið fyrirtækjum og ráðstefnuhöldurum þjónustu mína og býð meðal annars upp á sérmerkingar á öskjurnar ef þess er óskað.“

vera@frettladid.is



Hraunmolarnir sem Snorri kallar Nature's work of art koma í handmáluðum öskjum en í hverri öskju er náttúruverndaráminning frá Snorra.

Snorri segir hægt að vinna allt mögulegt úr hrauni og vildi helst sjá fólk framleiða hraunlistaverk eins og lopapeysur.

Mjúkir og þægilegir götuskór fyrir dömur.

Gerð: 5022
Stærðir: 36 - 42
Verð: 13.950.-
Góð breidd

Gerð: 55K
Stærðir: 36 - 41
Verð: 13.950.-

Misty skor
Laugavegi 178
Vertu vinur f

Sími 551 2070.
Opíð mán.-fös. 10-18, laugard. 10-14.
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.misty.is

Rauðakrosshúsið

Dagskrá vikunnar

Allir velkomnir

Mánudagur 3. maí

- ▶ **Vatnsræktun** - Kynning á ræktun í vatni, gróðurlyfsingu og næringu. Umsjón: María Norðdahl, InnriGarðar ehf. kl.12:30 -13:30
- ▶ **EFT og djúpslökun** - Umbreyttu heftandi viðhorfum með EFT tækninni. Umsjón: Viðar Aðalsteinsson, EFT sérfræðingur. kl.14:30-16:30
- ▶ **Barnið komið heim** - Þriðji hluti af sex. Lokað! kl.17-19
- ▶ Prjónahópur kl. 13-15 ▶ Skáklúbbur kl. 15:30-17

Þriðjudagur 4. maí

- ▶ **Hvernig stöndumst við álag** - Áhrif hugsana á liðan okkar og viðbrögð. Umsjón: Valgerður Magnúsdóttir, sálfræðingur. kl.14:30 -16
- ▶ Qi-Gong kl. 12-13 ▶ Gönguhópur kl. 13-14 ▶ Íslenskuhópur kl. 13-14
- ▶ Vinnum saman - Ný viðhorf (Býflugurnar) kl. 14-16
- ▶ Skiptifatamarkaður / Barnaföt kl. 16-18

Miðvikudagur 5. maí

- ▶ **Krydd- og matjurtir** - Gróðursetning, ræktun og umhirða. Umsjón: Auður Jónsdóttir, yfirverkstjóri Skólagarða Reykjavíkur. kl.12:30 -13:30
- ▶ **Fjáröflunarbínging Ferðafélagsins Víðsýnar** - Spjaldið kostar 500.- kr. kl.17:30
- ▶ Tölvuaðstoð kl. 13.30-15.30 ▶ Áhugasviðsgreining kl.14-16
- ▶ Lögfræðiráðgjöf fyrir innflytjendur kl. 14-16 ▶ Briddsklúbbur kl.14-16

Fimmtudagur 6. maí

- ▶ **Föndur, skropp myndaalbúm og kort** - Taktu skæri með þér! kl.12 -14
- ▶ Fluguhnýtingahópur kl. 12-13:30 ▶ Saumasmiðjan kl. 13-15
- ▶ Jóga kl. 15-16

Föstudagur 7. maí

- ▶ **Endurlífgun** - Stutt verklegt námskeið. kl.12:15-13:15
- ▶ **Fulltrúar stéttarfélaganna og ASÍ** - Kynning fyrir atvinnuleitendur. Snorri Már Sturluson frá ASÍ heldur tölu og fulltrúar stéttarfélaganna kynna þjónustu sína. Fulltrúar frá VR, Eflingu, SSF, Hlíf, Stéttarfélagi Reykjavíkurborgar, SFR, Stéttarfélagi verkfræðinga og Kjarafélagi tæknifræðinga auk annarra. kl.13:30-15:30
- ▶ Gönguhópur kl. 12.30-13.30 ▶ Hláturjóga kl. 15:30 -16:30

Rauði kross Íslands
Rauðakrosshúsið

Borgartúni 25 | Reykjavík | Sími 570 4000 | raudakrosshusid@redcross.is
www.raudakrosshusid.is | Opíð virka daga kl. 12-17

B|A|S|L|E|R

Yfirhafnadagar

20% afsláttur af yfirhöfnum dagana

26. apríl – 7. maí

Parisar
TÍZKAN
Tízkuhús, stofnsett 1963

Skípholti 29b • S. 551 0770



Giorgio Armani hélt blaðamannafund ásamt Mohammed al-Abbar, formanni fasteignafélagsins Emaar.

Armani opnar glæsihótel í Dúbaí

Hótel Giorgio Armani er í heimsins stærstu byggingu, Burj Khalifa í Dúbaí.

Hótel virðast vinsæl meðal þekktustu hönnuða heims. Þannig á Missoni hótel í Edinborg, Krizia á eitt í Barbuda, Moschino Cheap & Chic opnaði nýlega eitt í Mílanó og Versace á tvö, annað í Dúbaí og hitt í Ástralíu.

Nú hefur Giorgio Armani bæst í hóp hótelleigenda og hefur opnað hótel í hæstu byggingu heims, Burj Khalifa, í Dúbaí.

Glæsileikinn er þar í fyrirrúmi. Armani Hotel Dubai hefur yfir að ráða átta veitingastöðum sem allir eru hannaðir af Armani. Hótelíð er á fjölmörgum hæðum í hinu 160 hæða húsi. Nánari upplýsingar má nálgast á www.dubai.armanihotels.com.



Glæsihótel Armani er í hæstu byggingu heims, Burj Khalifa. NORDICPHOTOS/AFP

híbýli og viðhald

MÁNUDAGUR 3. MAÍ 2010



FRÉTTABLAÐIÐ

MYNDJÓR EINKASAFNI



Tarkett viðarparket

Verðdæmi:
Eik 3ja stafa kr. 4.990 m²



ÁLFABORG

Skútuvogi 6 - Sími 568 6755

Húsgögn gerð fyrir íslenska framleiðslu

Nemendur úr vöruhönnun við Listaháskóla Íslands miðuðu lokaverkefni sitt við íslenskar framleiðsluáferðir í samvinnu við húsgagnafyrirtækin Beyki, Á. Guðmundsson, GÁ húsgögn og Stáliðjuna. Nemendur fengu frjálssar hendur í hugmyndavinnu en urðu að aðlaga sig að því að hægt væri að fjöldaframleiða gripina hjá einhverju af fyrirtækjunum.



● **STÓLLINN KUBBUR** byggir að sögn hönnuðarins, Hreins Bernharðssonar, á því sambandi sem getur myndast milli dauðra hluta og fólks. Stóllinn er festur saman með kaðli sem tengist við strekkjara í bakinu og þegar bakstykkinu er snúið strekkist stóllinn saman. Ef bakinu er hins vegar snúið og kaðlinum slakað finnur notandinn hvernig stóllinn bregst við og faðmar hann þegar sest er.




● **FENGR** er fatahvíla innblásin af bandrúnum. Þegar fötin eru lögð á hviluna, draga þau í sig galdur úr Fengr og við það að klæðast þeim aftur færast galdurinn yfir í notandann. Hönnuður er Fanney Long Einarsdóttir.



● **LJÓSAKRÓKAN BLÁPRÁÐUR** er byggð upp af rauðum þræði sem hefur fengið það hlutverk að stjórna samspili ljóss og skugga. Lögun miðju ljósafrónunnar er stjórnað af sérstökum pendúl sem breytir bæði útliti krónunnar sem og þeim myndum ljóss og skugga sem frá henni stafa. Hönnuður Blápráðs er Ásdís Jörundsdóttir.

● **ENDURREISN** er verkefni þar sem hlutir ganga í endurnýjun lífdaga. Gifs, strappar, snæri og lit-skrúðugir naglar eru meðal þess sem notað er til þess að gera stólana að persónulegum endurreistum húsgögnum en hönnuðurinn er Auður Ösp Guðmundsdóttir.



● **MARGUR** er húsgagn sem breytist við leik. Bylgja Rún Svansdóttir segir Margan innblásinn af dúkkulísum, sprellikörlum og pappírsbrotum. Margur getur breyst úr kalli yfir í mottu og borði yfir í leikteppi og allt það sem hugurinn vill að Margur sé.



● **TRILLA** er stigi eftir Emblu Vigfúsdóttur til að klifra upp á háaloft. Þegar stýrinu er snúið lyftist hlemmurinn upp og lokar fyrir gatið í loftinu. Einnig er hægt að nota hlemminn sem vöruhyftu fyrir jóla-skrautið og gamlar skólábækur sem færa þarf upp eða niður af háaloftinu.



● **AÐ SAFNA SJÁL-UM SÉR** er yfirheiti á skemmtilegu húsgagni eftir Höllu Hannesdóttur. Húsgagnið er hugsað fyrir safnara sem geta verið nálægt hlutunum sínum og í náinni tengingu við þá og sameinast þannig safninu.



● **RÓRILL** er unninn út frá kistli sem hér áður fyrr var eina húsgagnið sem fólk átti og geymdi þar allar sínar eigur. Í þróunarferlinu var honum snúið á hvolf sem breytti honum í ruggu-kistil. Hægt og rólega fór að tynast af kistlinum, hann tapaði hliðunum og eftir stóð vaggandi „lár“, sem er kistill þar sem burðurinn er í hornstoðunum. Róril má nota sem ruggustól, geymslu og stofuborð. Steinþór Hannes Gissurarson er hönnuðurinn.

GOTT VERÐ OG FRÁBÆR GREIÐSLUKJÖR
fyrir þá fjölmörgu sem þurfa að kaupa ný dekk fyrir sumarið.

MIKIÐ ÚRVAL GOTT VERÐ

VAXTALAUST Í ALLT AÐ 6 MÁNUÐI
VAXTALAUST
Gætt 01. maí 2010
VISA & MASTERCARD

Dekk undir:

- Fólksbíla
- Jeppa
- Mótorhjól
- Sendibíla
- Vörubíla
- Rútur
- Vinnuvélar
- Traktora
- Hjólhýsi
- Kerrur

o.s.frv., o.s.frv.

pitstop
www.pitstop.is

Rauðhelli 11, Hfj. Hjallahrauni 4, Hfj. Dugguvogi 10
☎ 568 2035 ☎ 565 2121 ☎ 568 2020

Tilboð óskast í hluta fasteignarinnar Hraunbæ 102 D og E í Reykjavík.

14867 – Hraunbær 102 D og E í Reykjavík.

Um er að ræða 1. hæð og kjallarárými í báðum hlutum samtals 563,7 m² samkvæmt upplýsingum frá Fasteignaskrá ríkisins.

Húsnæðið var nýtt sem heilsugæslustöð en stendur autt í dag. Brunabótamat er kr. 98.100.000,- og fasteignamat er kr. 86.200.000,-.

Húseignin verður til sýnis í samráði við Ríkiskaup, Borgartúni 7C, 105 Reykjavík í síma 530 1400.

Tilboðseyðublað liggja frammi hjá Ríkiskaupum ásamt reglum um frágang og útfyllingu á tilboðseyðublaði.

Gögnin eru einnig aðgengileg á heimasíðu Ríkiskaupa www.ríkiskaup.is

Tilboð skulu berast til Ríkiskaupa, Borgartúni 7C, 105 Reykjavík fyrir kl. 10:00 þann 18. maí 2010 þar sem þau verða opnuð í viðurvist bjóðenda er þess óska.



Íbúðin er á annarri hæð í þrjúbýlishúsi við Hávallagötu 7.

MYND/ÚR EINKASAFNI

Sérhæð við Hávallagötu

Fasteignamarkaðurinn er með á skrá íbúð við Hávallagötu 7.

Íbúðin er á annarri hæð í þrjúbýlishúsi, skráð 106,5 fermetrar samkvæmt Fasteignamati ríkisins, en er í raun um það bil 120 fermetrar samkvæmt seljanda.

Íbúðin samanstendur af tveimur stofum, fjórum herbergjum

og tveimur svefnherbergjum, og er skipulagið eins og hér segir: Komið er inn um sérinngang í flísalagða stofu. Farið er upp kókostepallagöðan stiga á efri hæð. Stigapallur/hol er parketlagt og er útgengt á svalir í norðvestur. Stofur eru samliggjandi en með rennihurð á milli. Barnaherbergi er parketlagt, sömuleiðis hjónaherbergi. Eldhús

er flísalagt og með harðviðar-innréttingu úr mahóni og góðri borðaðstöðu. Badherbergi er með badkari, glugga og sturtuástöðu og marmara á veggjum og gólfi. Tvær sérgeymslur og sameiginlegt þvottaherbergi eru í kjallara.

Húsið er í góðu ásigkomulagi að utan sem innan að sögn seljanda.

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skafthlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.



Blaðberinn...

...góðar fréttir fyrir umhverfið



heimili

FASTEIGNASALA



Bogi Pétursson
lögg. fasteignasali



Finnboði Hilmarrson
lögg. fasteignasali



Andri Sigurðsson
lögg. leigumíðlari

Sími 530 6500

Opíð mán.-fös. frá kl. 9-17

Finnboði Hilmarrson og Bogi Pétursson löggiltir fasteignasalar



Sölusýning í dag
Laugarnesvegur 62.
Góð 90 fm íbúð á 2 hæð í fallegu sjö íbúða fjölbýli byggðu 1985. Tvö góð herbergi og góðar suðursvalir. V. 21 m.



Sóleyjarími.
Fallegt og vandað 218 fm raðhús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr. Glæsilegar innréttingar og gólfefni. V. 49,0



Rjúpnasalir - Salahverfinu.
Mjög falleg 96 fm endaíbúð á 3. hæð (efstu) með sérinngangi í litlu fallegu fjölbýlishúsi. V. 22,9 m.



Laugavegur - 101 Rvk.
Mjög vel skipulögð 3ja herbergja íbúð á 2. hæð á góðum stað á Laugaveginum. V. 18,6 m.



Sólheimar.
Góð 74,6 fm 3ja herb. íbúð í kjallara/jarðhæð á eftirsóttum stað. V. 20,9 m. Áhv. 19,2 m.



Smiðjustigur - 101 Rvk.
Mjög falleg 92 fm 4ra herbergja íbúð á 1. hæð í fallegu þrjúbýlishúsi í 101 Rvk.



Rauðalækur - LÆKKAD VERÐ.
Rúmgóð 139 fm sérhæð með 26 fm bílskúr, alls 165 fm. Vel hönnuð sérhæð með mikla möguleika. V. 33,9 m.



Lindarbraut - Seltj.
Mjög góð, skemmtileg og mikið endurnýjuð hæð með sameiginlegum inngangi.



Rauðagerði - Einbýli með 110 fm aukaíbúð.
Fallegt mikið endurbætt 300 fm einbýlishús á tveimur hæðum með innbyggðum 35 fm bílskúr. Fallegur garður, sólstofa, heitur pottur o.fl.



Grænahlíð.
Flott og fallega innréttuð 120 fm sérhæð. Húsið og sameign mikið endurbætt og nýtt þak. Þrjú svefnherbergi og 2-3 stofur og góðar svalir.



Klapparhlíð - 4ra herb.
Vönduð 100 fm endaíbúð á efstu hæð. Íbúðin er með sérinngangi, fallegum innréttingum, sérstaklega einangruð og góðum svólum með miklu útsýni. V. 23,0 m.



Hraunbær - sérlega góð 3ja.
Vorur að fá í einkasölu um 85 fm mjög góða endaíbúð. Endurnýjað badherb, og eldhús. Parket á gólfum. Verð 18,7 millj.



Rauðalækur - 5 herbergja.
120 fm sérhæð í fjörbýlishúsi. Húsið er mikið endurbætt, lagnir, þak, lóð og bílastæði ásamt viðgerðum að utan og málningu. V. 24,5 m



Óskum eftir - Höfum kaupendur
• 170-200 fm sérbýli í staða-, vikur- og borgarhverfi í Grafarvogi.
• einbýlishúsi miðsvæðis í Rvk, vesturbæ og Seltjarnarnesi.
• 3ja herbergja íbúð á jarðhæð í Grafarholti í skiptum fyrir raðhús í sama hverfi.

FASTEIGNASALAN
MIKLABORG
569-7000 | Síðumúli 13 | www.miklaborg.is



Óskar R. Harðarson
hdl. og lögg.
fasteignasali



Jason Guðmundsson
hdl. og lögg.
fasteignasali



Ragna S. Óskarsdóttir
MBA Löggiltur
fasteignasali,



Halldór Ingi Andrésson,
lögg.
fasteignasali



Jón Sigfús Sigurjónsson
hdl. og lögg.
fasteignasali



Hilmar Jónasson
sölufulltrúi



Heimir H. Eðvarðsson
sölufulltrúi



Elin Viðarsdóttir
lögg.
fasteignasali



Ólafur Finnbogason
sölufulltrúi



Eiðistorg

Frábærlega staðsett íbúð í fjölbýli á Seltjarnarnesi. 183 fm og skiptist í tvær íbúðir 5 herbergja og 2ja herbergja. Skipti á minni koma til greina frábært útsýni

v. 35,7 m.



Gunnarsbraut

Björt efri hæð og ris 4 svefnherbergi
Bílskúr
Hilýleg og falleg eign

v. 35,0 m.



Háteigsvegur

77 fm efri hæð
Frábær staðsetning
Róleg gata
Fallegt hús

v. 20,9 m.



Jórusel

Gott 242 fm einbýlishús
Fimm góð svefnherbergi
Tvær stofur og sjónvarpshol
Stendur innst í botnlanga
Óbyggt svæði við húsið

v. 49,5 m.



Naustabryggja

Glæsileg 135 fm endaíbúð
4 - 5 herbergi
Vandaðar innréttingar
Stæði í bílageymslu
Falleg eign í alla staði

v. 29,9 m.



Kambasel

Falleg 4ra herbergja
Opíð eldhús
2. hæð
Parket á gólfum

v. 22,9 m.



Markland

Snyrtileg 2ja herbergja
55,6 fm íbúð á jarðhæð
Góð staðsetning í Fossvogi
Skoðaðu þessa!

v. 14,9 m.



Garðhús

Vel staðsett endaraðhús
Aukaíbúð í kjallara
Stór sólstofa
Pallur með heitum potti

v. 48,5 m.



Kögurzel

Tvílyft 160 fm parhús auk bílskúrs
Vel viðhaldið hús
Skjólsefnt og gróíð hverfi
Makaskipti koma til greina

v. 0,0 m.



Akurgerði

Glæsilegt og mikið endurnýjað. 195,6 fm parhús með sérst. bílskúr
Vandað og smekklegt.
Aukaíbúð í kjallara.
Áhv. hagstætt hlutfall af kaupverði.
Lækkað verð!

v. 41,5 m.



Meistaravellir

Frábær staðsetning
Björt og vel skipulögð
4ra herbergja
Góð kaup

v. 24,5 m.



Lindasmári

Gullfalleg og vonduð neðri hæð
Stór pallur
3 svefnherbergi
Skipti á stærri í hverfinu

v. 29,9 m.



Sunnufliót

Fallegt 270 fm einbýli
Ein eftirsóttasta gatan í Garðabæ
Þrjár stofur og þrjú herbergi
Eignin snýr til suðurs
Tvöfaldur bílskúr

v. 69,5 m.



Steinagerði

Frábær staðsetning
130 fm
Lítið einbýli m/bílskúr
Stór garður

v. 36,0 m.



Básbryggja

Björt og vel skipulögð
4ra herb. 101 fm.
Glæsilegt fjölbýli
Skemmtilegur staður

v. 28,0 m.



Bergstaðastræti

Mjög falleg 62,5 fm
3ja herb.
Risibúð
Fjórþýli
Góður garður og gott aðgengi.

v. 20,5 m.



Porláksgesli

Glæsileg 140 fm
4ra herbergja
Stæði í bílageymslu
Gott lyftuhús
Laus við samning
Lyklar á skrifstofu

v. 29,0 m.



Hverfisgata

2. hæð 116 fm
5 herbergja
góðar leigutekjur
skipti á sumarbústað
æskileg mjög gott verð

v. 22,8 m.



Eyrarskógur

Mjög fallett sumarhús
Stærð 66,3 fm
Gróinn staður
Góður pallur
Sólstofa
Leigulóð
Gott verð

v. 11,9 m.



Framnesvegur

Mjög falleg 3ja herbergja
Stærð 89,2 fm
3ja íbúða hús
Mikið endurnýjuð
Frábær staðsetning

v. 24,2 m.



Suðurmýri

Glæsilegt tvílyft 181 fm parhús Góður suðurrallur og svalir Vandaðar innréttingar, gólfefni og tæki. Fullbúinn 27 fm flísalagður bílskúr.

v. 58,9 m.



Þingvað

Mikil eign, aldeilis stórglæsilegt 281 fm einbýlishús í Norðlingaholtinu. Sérlega vandað hús

v. 83,3 m.



Leirubakki

Góð 4ra herbergja 111 fm íbúð á efstu hæð
Snyrtilegt umhverfi og saml. garður
Fjölskylduvænt hverfi
Gott verð

v. 17,9 m.



FASTEIGNA- MARKAÐURINN

ÓÐINGÖTU 4

SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.

Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is

Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.



Lynghagi

Fallegt 243,5 fm einbýlishús á þessum eftirsóttasta stað í vesturbænum. Á aðal hæð eru forstofa, rúmgott hol, gestasnyrtning, rúmgott eldhús og bjartar samliggjandi stofur. Á efri hæð eru 3 herbergi, fataherbergi innaf hjónaherbergi og baðherbergi. Sér stúdíóbúð í kjallara auk geymsla og þvottaherbergis. Tvennar svalir. **Húsið stendur á 645 fm gróinni lóð. Verð 67,0 millj.**



Kleifakór- einbýli í byggingu.

